

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

# SNJÓFLÓÐ '95

SKÝRSLA UM SNJÓFLÓÐIN  
Í SÚÐAVÍK OG REYKHÓLASVEIT  
Í JANÚAR 1995



## EFNISYFIRLIT

Formáli	Bls.	1
Inngangur	"	2
Atburða- og ástandslýsing	"	3
Flóðið, aðdragandi og eftirlit, mat og viðvaranir	"	7
Fyrstu viðbrögð	"	9
Vettvangsstjórn, merkingar og verkskipulag	"	13
Björgun	"	17
Verndun - gæsla	"	19
Fjarskipti og veitukerfi	"	21
Samgöngur og flutningar liðs	"	23
Meðferð slasaðra	"	24
Meðferð látinna	"	27
Áfallahjálp, sálgæsla og huggun	"	28
Fjölda- og félagshjálp	"	32
Rýming, flótti, brottflutningur	"	35
Snjóflóðið á Grund í Reykhólasveit	"	38
Almannatengsl og fjölmiðlun	"	41
Stjórn og samræming	"	42
Stjórnsýsluviðbúnaður í héraði	"	44

# SNJÓFLÓÐ 95

## Skýrsla um náttúruhamfarirnar á Vestfjörðum í janúar 1995.

### Formáli

Í kjölfar náttúruhamfaranna á Vestfjörðum í janúar 1995, sem leiddu til mann- og eignatjóns í Súðavík og á Grund í Reykhólasveit, var talið brýnt að taka saman heildarskýrslu um framkvæmd þeirra aðgerða sem gripið var til, aðdraganda að þeim og viðbúnað.

Mikil þrýstingur var á Almannaþingunni ríkisins að hraða skýrslugerðinni sem mest og var því leitað eftir skýrslum frá viðbragðsaðilum og öðrum sem að málinu komu, auk þess sem fundir voru haldnir með þeim til að fara yfir og ræða verkefnið, úrlausn þeirra og þann lærdóm sem af þeim mætti draga.

Þessari gagnasöfnun lauk síðan með ráðstefnunni "Snjóflóð 95", sem haldin var í Hnífsdal 30. - 31. maí 1995, en þar voru lögð fram samandregin gögn úr skýrslum og viðræðufundum með þessum aðilum. Ráðstefnugestum, sem bæði komu úr röðum þeirra sem brugðust við og annarra sem við sömu hættu búa, var gefinn kostur á að ræða þau og móta lokaskýrsluna.

Skýrsla sú sem hér birtist er því unnin úr þeim gögnum og niðurstöðum ofangreindrar ráðstefnu, en hún er að mestu leyti skrifuð af hlutlausum aðila sem sérstaklega var fenginn til verksins.

Ekki leikur vafi á að sá mikli hraði sem hafður var á við að ganga frá skýrslunni kemur að einhverju leyti niður á gæðum hennar. Gagnasöfnunin fór fram á þremur mánuðum og frágangur skýrslunnar á næstu átta mánuðum. Til samanburðar má benda á að gagnasöfnun og skýrslugerð vegna ferjuslyssins Estonia í Austursjó fyrir um ári síðan og flóðanna í Noregi í vor er í báðum tilfellum talin taka a.m.k. eitt og hálf til tvö ár, þ.e. að safna gögnum og ganga frá skýrslu um atburðina og neyðaraðgerðir.

Við lestur skýrslunnar er nauðsynlegt að athuga að lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum hafa breyst frá því að atburðirnir sem hún fjallar um gerðust.

Janúar 1996,

Guðjón Petersen  
framkvæmdastjóri

## Inngangur

Hinn 16. janúar 1995 kl. 06.17 féll snjóflóð í Súðavík. Flóðið fór á 16 hús og hreif þau með sér eða braut niður. Alls lentu 47 manns í flóðinu, þar af létust 14. Að kvöldi 18. janúar féll snjóflóð á fjárhús við bæinn Grund í Reykhólasveit. Tveir menn lentu í flóðinu og lést annar þeirra, en hinum var bjargað. Fyrr um daginn hafði snjóflóð fallið á Flateyri og skemmt tvö íbúðarhús, en þau höfðu verið rýmd áður. Alls fórust því 15 manns í þessum náttúruhamförum. Nú er ljóst að alls eyðilögðust eða skemmdust verulega 23 hús í snjóflóðum frá janúar til marsloka 1995.

Samtímis þessum áföllum var yfirvofandi hættu á frekari snjóflóðum á öllum Vestfjörðum og vestanverðu Norðurlandi og störfuðu almannavarnanefndir því samkvæmt hættustigi neyðaráætlana, þar sem hús voru rýmd og fólki veitt neyðaraðstoð.

Skýrslan er um neyðarviðbrögð og aðgerðir í þessum atburðum. Hún er byggð á skriflegum og munnlegum upplýsingum frá þeim, sem tóku þátt í aðgerðunum innan skipulags almannavarna, eða tengdust þeim verulega á einn eða annan hátt. Dagbækur, tímaskráningar og önnur þau gögn, sem hún byggist á liggja frammi hjá Almannavörnum ríkisins til aflestrar, ef óskað er.

Í skýrslunni er fjallað um það sem gerðist, hvernig var brugðist við og unnið til að afstýra tjóni, bjarga fólki og munum og veita þeim líkn sem fyrir líkams- og/eða eignatjóni urðu.

Tilgangurinn með skýrslunni er að ná saman í einu riti, eftir því sem kostur er, þeirri reynslu sem fékkst í aðgerðunum hjá þeim fjölmörgu sem að komu, með það að markmiði að nýta þessa reynslu til úrbóta á skipulagi og framkvæmd almannavarna í framtíðinni.

## ATBURÐA- OG ÁSTANDSLÝSING

### Almannavarnir á Ísafirði, í Súðavík og á Reykhólum

Skipulag snjóflóðavarna í landinu byggir á tvennum lögum, þ.e. lögum um almannavarnir og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Samkvæmt lögum um almannavarnir hafa almannavarnanefndir gildandi neyðaráætlanir, sem eru byggðar á samsvarandi staðli um allt land. Að stofni til eru neyðaráætlanir frá árinu 1971, en þær voru endurnýjaðar og bættar með ákveðinni einföldun og frekari stöðlun á árunum 1989 til 1992. Með því fyrirkomulagi er tryggt samræmt heildarkerfi í landinu sem miðast við sama skipulagsumhverfi, hvar sem vá verður.

#### **Almannavarnanefnd Ísafjarðar (Av.Ísaf.) var þannig skipuð 16. janúar 1995:**

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður, **yfirmaður neyðaraðgerða**  
 Gunnhildur Kjartansdóttir (staðgengill lögreglustjóra)  
 Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, **formaður**  
 Þorbjörn J. Sveinsson slökkviliðsstjóri  
 Eyjólfur Bjarnason bæjartæknifræðingur, **ritari**  
 Friðný Jóhannesdóttir, yfirlæknir heilsugæslu  
 Snorri Hermannson, kjörinn fulltrúi, **varaformaður**  
 Finnbogi Rútur Jóhannesson

#### **Almannavarnanefnd Súðavíkur (Av.Súð.) var þannig skipuð:**

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður, **yfirmaður neyðaraðgerða**  
 Gunnar Finnsson hreppstjóri (staðgengill lögreglustjóra)  
 Elvar Ragnarsson slökkviliðsstjóri  
 Sigríður Hrönn Elíasdóttir sveitarstjóri, **formaður**  
 Ólafur Sveinbjörnsson, heilsugæslulæknir (staðsettur á Ísafirði)  
 Heiðar Guðbrandsson, byggingafróður maður  
 (verkfræðingur, tækni-fræðingur eða byggingafróðleikur er ekki búsettur í Súðavík)  
 Frosti Gunnarsson, kjörinn fulltrúi (SVFÍ)  
 Kjartan Geir Karlsson, kjörinn fulltrúi

#### **Almannavarnanefnd A- Barðastrandasýslu (Av.A.Barð.) var þannig skipuð:**

Þórólfur Halldórsson sýslumaður, **yfirmaður neyðaraðgerða**  
 Steingerður Hilmarsdóttir, staðgengill lögreglustjóra, **formaður**.  
 Stefán Magnússon, formaður bygginganefndar  
 Ingibjörg Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur, **ritari**  
 Guðmundur Ólafsson, kjörinn fulltrúi  
 Ragnar Jóhannsson, kjörinn fulltrúi

Framangreindar neyðaráætlanir skiptast í tvo hluta, þ.e. starfsskipulag, sem segir fyrir um stjórn og verkaskiptingu, og viðbragðsáætlun, sem segir fyrir um hver skuli gera hvað, hvar og hvenær á hættustundu. Tekur starfsskipulagið m.a. á eftirfarandi þáttum:

1. Skipuriti almannavarna í landinu.
2. Stjórnkerfi almannavarnanefndanna annars vegar og ríkisins hins vegar, ásamt ákvæðum um ákvarðanatöku og virkjun skipulagsins.
3. Upplýsingasöfnun og -miðlun.
4. Viðvörðunum og leiðbeiningum til almennings.
5. Fjarskiptum.
6. Skipulagi hjálparliðs.
7. Verkaskiptingu starfshópa við neyðaraðgerðir.
8. Fjölda- og félagslegu hjálparstarfi.

Viðbragðsáætlunin greinist hins vegar í verklagsreglur, sem fara skal eftir við mismunandi tegundir af vá, svo sem við snjóflóðahættu og snjóflóð, við framkvæmd rýmingar og/eða brottflutnings og meðferð hópslysa. Hver kafli verklagsreglanna í þessum hluta áætlunarinnar er settur upp með gátlistum, sem miða við þrjú stig; **viðbúnaðarstig, hættustig og neyðarstig.**

Á Ísafirði höfðu hinn 16. janúar 1995 alls 28 menn verið þjálfaðir á sviði almannavarna og skiptist þjálfun þeirra þannig:

- |    |  |
|----|--|
| 11 | menn höfðu setið námskeið fyrir almannavarnanefndamenn         |
| 5  | menn höfðu setið námskeið fyrir vettvangsstjóra                |
| 7  | menn voru þjálfaðir sem flokksstjórar í fjölda- og félagshjálp |
| 2  | menn voru þjálfaðir í björgunar- og ruðningsstjórn             |
| 3  | menn voru þjálfaðir í fyrstuhjálparstjórn                      |

Í Súðavík höfðu hinn 16. janúar alls 5 menn verið þjálfaðir á sviði almannavarna og skiptist þjálfun þeirra þannig:

- |   |  |
|---|--|
| 3 | menn höfðu setið námskeið fyrir almannavarnanefndamenn                 |
| 1 | maður hafði setið námskeið fyrir vettvangsstjóra                       |
| 1 | maður hafði setið námskeið fyrir flokksstjóra í fjölda- og félagshjálp |

Enginn hafði verið þjálfaður sem flokksstjóri á sviði björgunar- og ruðningsstarfa og enginn sem flokksstjóri á fyrstuhjálparsviði.

Á Reykhólum var einn maður þjálfaður sem vettvangsstjóri á sviði almannavarna.

Samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum var staðfest hættumat fyrir Súðavík árið 1989 (fyrsta snjóflóðahættumat á Íslandi), en fyrir Ísafjörð 1992.

Við gerð hættumats vegna snjóflóða er beitt eðlisfræðilegum reiknilíkönum og verkfræðistofur fengnar til verksins. Snjóflóðadeild Veðurstofu Íslands (VÍ) fer síðan yfir hættumatið til samanburðar og eftirlits.

Samkvæmt sömu lögum annast VÍ öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úrvinnslu úr þeim. Hún annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefur út viðvaranir um hana. Í sveitarfélagi, þar sem hætta er talin á snjóflóðum, á sveitarstjórn að fela sérstökum starfsmanni að fylgjast með snjóalögum. Á hann að starfa að fyrirmælum VÍ.

Á Ísafirði hefur verið starfrækt eitt öflugasta snjóathuganakerfi á landinu, en í Súðavík starfaði ekki formlega athugunarmaður með snjóflóðahættu samkvæmt framangreindum lögum, en snjóathugunarmenn starfa samkvæmt erindisbréfi VÍ frá 10. mars 1991.

Av.Súð. hafði sent einn nefndarmanna á námskeið hjá VÍ fyrir snjóathugunarmenn í janúar 1993 og uppfyllti hann öll skilyrði athugunarmanns með snjóflóðahættu. Hins vegar hafði ekki verið gengið formlega frá ráðningu hans. Annaðist hann snjóflóðaeftirlit í Súðavík í samráði við yfirmann snjóflóðadeildar Veðurstofu Íslands (YSVÍ).

Súðavík er á þekktu snjóflóðasvæði. Því var árið 1988 gerð fyrsta tilraun til hættumats vegna snjóflóða í því byggðarlagi. Fengnir voru þrír sérfræðingar til að vinna hættumatið með mismunandi reikniaðferðum. Ein reikniaðferðin var samkvæmt tölfræðilíkani því sem notað er til snjóflóðahættumats í Noregi, en tvö af reiknilíkönunum voru eðlisfræðilegs eðlis og var annað þeirra sérstaklega gert fyrir Almannavarnir ríkisins (Av.rík.).

Byggt var á snjóflóðasögu svæðisins, sem VÍ tók saman og fjallaði um snjóflóð, sem vitað var um fram til 1988, en elsta flóðið samkvæmt heimildum er talið hafa orðið einhvern tímunn á tímabilinu 1884 til 1892. Spannar því snjóflóðasaga Súðavíkur aðeins um 100 ár.

Snjóflóðahættumatið fyrir Súðavík gerði ráð fyrir að öll efri húsaröðin við Nesveg væri innan hættusvæðis, auk leikskólans, en að línan lægi að öðru leyti meðfram efri húsaröðinni við Túngötu. Hættusvæðið sveigði síðan niður að sjó frá hafnargarðinum og um 300 metra inn eftir Aðalgötu.

Öll þrjú reiknilíkönin, sem notuð voru til hættumats fyrir svæðið, sýna að skriðlengdarmörk snjóflóða áttu að liggja ofan við byggðina við Túngötu, en hafa verður í huga að forsendur eru í öllum tilfellum hin stutta snjóflóðasaga svæðisins.

Frá því að hættumatið fyrir Súðavík lá fyrir hefur sveitarstjórnin tekið fullt tillit til þess við skipulag byggðarinnar. Var unnið að því að fá til ráðstöfunar nýtt byggingasvæði utan snjóflóðahættu á Eyrarlandsjörðinni, sem er innan við þorpið.

Eins og komið hefur fram, eru í gildi neyðaráætlanir fyrir öll byggðarlögin. Samkvæmt þeim og samkvæmt skipulagi Av.rík. eiga boðleiðir og ákvarðanatöku um mat á hættu og aðgerðir á grundvelli þess að vera sem hér segir:

1. Ví hefur á hendi eftirlit með snjóalögum, metur snjóflóðahættu og varar við henni.
2. Sveitarstjórn sér um að snjóathugunarmaður sé til staðar, sem fylgist með veðri á staðnum, lagskiptingu snævar, snjósöfnun og stöðugleika hans með tilliti til snjóflóðahættu samkvæmt vinnureglum VÍ.
3. Athugunarmaðurinn á að koma athugunum sínum á framfæri við VÍ, sem metur snjóflóðahættuna á grundvelli þeirra.
4. Ví kemur síðan viðvörðun um snjóflóðahættu á framfæri við Av.rík., sem lætur hana ganga áfram til lögreglustjóra.
5. Lögreglustjóri kallar saman almannavarnanefnd og lætur fara fram staðlægt hættumat og nýtur við það ráða snjóathugunarmanns á staðnum.
6. Á grundvelli þess hættumats er gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt viðbúnaðar-, hættu- eða neyðarstigi skipulagsins.
7. Fáir einhver nefndarmanna í almannavarnanefnd grun um að hættuástand sé að skapast, getur hann kallað nefndina saman til mats á hættu og ákvarðanatöku um aðgerðir.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að á hættu- og neyðartímum er stjórnunarvaldið í höndum lögreglustjóra eða fulltrúa hans í almannavarnanefnd, en aðrir nefndarmenn fara með umsjón með fyrirfram ákveðnum málaflokkum, en eiga að öðru leyti að taka fullan þátt í mati á hættu.

## FLÓÐIÐ, AÐDRAGANDI OG EFTIRLIT, MAT OG VIÐVARANIR

Sunnudaginn 15. janúar 1995 var ljóst að veðurspá gaf tilefni til að hafa gætur á snjóflóðahættu á Vestfjörðum og Siglufirði. Hafði YSVÍ því samband við vaktmann Av.rík. til að tilkynna að fylgst yrði með snjófljóðahættu á Vestfjörðum og hugsanlega á Siglufirði. Varð samkomulag milli þeirra að YSVÍ léti sýslumann vita.

Hófst þá ákveðið samband gagnasöfnunar og upplýsingaskipta YSVÍ og athugunarmanns í Súðavík um kvöldið og nóttina, sem leiddi til ákvörðunar sýslumanns á Ísafirði eftir samtal við sveitarstjóra Súðavíkur um kl. 02.30 aðfaranótt 16. janúar að láta rýma svæðið neðan við Traðargil í Súðavík og moka Aðalgötu til að það yrði unnt, en svæðið neðan við Traðargil var skilgreint sem hættusvæði samkvæmt gildandi hættumati.

Sýslumaður fékk fyrstu vitneskju um að snjóflóðahætta væri að skapast í Súðavík um miðnætti 15. janúar.

YSVÍ var í símasambandi við athugunarmann í Súðavík til kl. 03.00 þann 16. janúar og segir að ótvírætt hafi komið fram í síðasta samtali þeirra, að ekki væri síður ástæða til að hafa áhyggjur af ytra svæðinu. Þær áhyggjur voru aldrei á vitorði Av.rík. né sýslumanns. Á þetta var ekki minnst í samtali sýslumanns og sveitarstjóra, og kveðst sveitarstjóri aldrei hafa vitað um áhyggjur YSVÍ og athugunarmanns af ytra svæðinu, sem var samkvæmt mati utan hættumarka.

Formaður Av.Súð. tók að sér að rýma svæðið neðan Traðargils og var í símasambandi við almannavarnanefndarmenn eftir því sem hægt var. Vegna ofsaveðurs, ófærðar og skorts á snjóruðningstækjum var talið ókleift að kalla nefndina saman til fundar samstundis, eins og sýslumaður hafði lagt til, og var fundur ákveðinn kl. 08.00 til að staðfesta ákvörðunina um rýmingu. Að öðrum kosti hefði eina snjóruðningstækið í Súðavík þurft að aðstoða nefndarmenn við að komast að stjórnstöðinni, sem var á kafi í snjó, en brýn þörf var fyrir tækið til að aðstoða íbúa neðan Traðargils við að yfirgefa heimili sín.

Engar upplýsingar bárust Av.rík. um snjóflóðahættu í Súðavík fyrr en kl. 02.30 og þá frá YSVÍ. Í þeirri tilkynningu er eingöngu talað um hættu neðan Traðargils. Í kjölfar hennar hafði vaktmaður samband við formann Av.Súð. til að bjóða fram aðstoð og virkja stjórnstöð, en á þeim tíma taldi formaður Av.Súð. ekki þörf á aðstoð Av.rík, enda hafði aðeins verið talað um hættu neðan Traðargils.

Ekkert viðvörðunarkerfi er til staðar í Súðavík, enda er slíkt kerfi miðað við 2000 íbúa eða fleiri. Ætlast er til að viðvaranir séu gefnar um útvarp og/eða með því að aka um byggðina með gjallarhorn, eða með sendiboðum, sem fara milli húsa.

### **Snjóflóðið fellur**

Snjóflóðið féll á milli kl 0617 og 0620, en spurning er hvort um sé að ræða eitt eða tvö flóð samtímis. Samkvæmt klukku í húsi Pósts og síma, sem varð fyrir flóðinu, stöðvast hún kl. 0617 við það að hún dettur af vegg og rafhlöður í henni kastast út. Vélstjóri, sem var á vakt í varaafstöðinni í Súðavík, segir að um kl. 0620 hafi komið fram tvær truflanir á raforkukerfinu með nokkurra sekúndna millibili. Frekar verður að telja að klukkan sýni réttan tíma, þar sem vélstjórinn tímasetti ekki truflanirnar nákvæmlega.

Snjóflóðið féll að öllum líkindum úr efstu brúnum fjallsins, og verður hin mikla skriðlengd þess/þeirra varla skýrð ef upptökin hafa verið neðar í fjallinu. Ástæðan virðist vera mikil og feiknahröð snjósöfnun vegna ofankomu og skafrennings fram af fjallsbrúninni, eftir að vindur hafði snúist til N- og NV- lægra átta um kvöldið.

Lengd snjóflóðsins var um 1200 metrar og breiddin nálægt 400 metrum. Áætlað er að snjómassinn, sem niður kom, hafi verið um 80.000 rúmmetrar. Samkvæmt reiknilíkani, sem notað er til hættumats, hefur flóðið náð rúmlega 40 m/sek (150 km) hámarkshraða í um 100 metra hæð í fjallinu og verið á um 65 km hraða, þegar það skall á efstu húsunum við Túngötu og Nesveg. Af ummerkjum að dæma og því að hámarkshraðinn í um 100 metra hæð er um 85 km meiri en þegar flóðið lendir á húsunum, er líklegt að höggbylgja, sem náð hafi hámarkshraða samhliða hámarkshraða flóðsins, hafi skolið á húsunum fyrst og brotið þau áður en snjómassinn lagðist yfir.

Samkvæmt ofangreindu má ætla að snjóflóðin hafi verið tvö með fárra sekúndna millibili. Má merkja það annars vegar á framangreindum tveimur truflunum, sem verða á raforkukerfinu, og hins vegar af því að innri hluti flóðasvæðisins nær mun lengra fram en ytri hluti þess.

### **Til umhugsunar**

- \* Ekki er afdráttarlaust hver staða snjóeftirlitsmanns á Súðavík var.
- \* Ekki var fylgt skipulagi almannavarna um viðbúnaðar- eða hættustig við boðskipti og mat á aðstæðum.
- \* Misskilningur kemur upp milli aðila í Súðavík og komast réttar upplýsingar um þann misskilning aldrei til sýslumanns eða Av.rík.
- \* Ekki er fylgt því formi sem á að vera á tilkynningaflæði og mati á hættuástandi.
- \* Kanna þarf hvort boðleiðir og matskerfi innan skipulags almannavarna þarfnist endurskoðunar og gera úrbætur ef svo reynist.

Ekki verður séð af fyrirliggjandi gögnum að önnur málsmeðferð hefði firrt því manntjóni sem varð, þar eð þau hús sem lentu í snjóflóðinu voru utan hættusvæðis samkvæmt gildandi hættumati.

## FYRSTU VIÐBRÖGÐ

### 1. Súðavík

Um kl. 06.25 berast boð símleiðis til sveitarstjórans í Súðavík um að snjóflóð hafi fallið á hús við Túngötu og slys hafi orðið. Hefur sveitarstjóri þá samband við lögregluna á Ísafirði (kl. 06.29) og tilkynnir atburðinn og óskar eftir björgunar- og sjúkraliði til aðstoðar. Kl. 06.31 hefur sveitarstjóri samband við stjórnstöð Landhelgisgæslu, sem vaktar neyðarsíma Av.rík., og tilkynnir um snjóflóð á þorpið. Ekki sé vitað um umfangið, en aðstoðar hafi verið óskað frá Ísafirði. Bakvaktarmaður Av.rík. nær síðan símasambandi við sveitarstjóra, fær nánari upplýsingar, sendir út neyðarboð á boðtæki starfsmanna Av.rík kl. 06.41 og fer í stjórnstöð, sem er opnuð kl. 06.47.

Í Súðavík voru atburðirnir þess eðlis, að skipulag almannavarna virkaði ekki, þar sem almannavarnanefnd og björgunarfólk var orðið að þolendum hamfaranna og nátengt þeim.

Stórviðri með þreifandi byl byrgði alla útsýn og erfitt var að ná yfirliti yfir tjónasvæðið. Stjórnaraðsetur Av.Súð. í hreppsskrifstofunni var ónothæft, þar sem flóðið hafði lent á því. Því voru ein fyrstu viðbrögð sveitarstjóra, sem tók að sér stjórn aðgerða sem formaður Av-nefndar, að opna frystihúsið Frosta til að fá húsaskjól fyrir þolendur flóðsins, sem voru utandyra, bæði slasaðir og óslasaðir. Einnig var þar komið á fót neyðarathvarfi fyrir stjórn aðgerða.

Sveitarstjóri fékk menn til að hringja í öll hús við Túngötu og Nesveg til að kanna hvar væri svarað og hvetja íbúa þeirra húsa, þar sem svarað var, til að koma í frystihúsið. Fól hún sparisjóðsstjóranum í Súðavík, sem kominn var í Frosta, að stjórna hringingunum og skrá niðurstöður. Kom í ljós út frá því, hvar svarað var, hvaða hús höfðu lent í flóðunum.

Meðan á þessu stóð var komið í frystihúsið með fólk, sem sýnilegt var í flóðinu, en hafði sloppið úr því. Tókst að mestu að skipuleggja starfið þannig að flóttafólk og aðrir ómeiddir voru hafðir þar sem innstreymi slasaðra og söfnunarsvæði þeirra var ekki í auglýn fólksins.

Skip í höfninni voru fengin til að lýsa upp svæðið, en ekkert sást fyrir hríðinni þrátt fyrir það.

### 2. Ísafjörður

Fyrstu boð bárust lögreglunni á Ísafirði frá sveitarstjóranum á Súðavík kl. 06.29 um að snjóflóð hefði fallið á hús við Túngötu og var óskað eftir skjótri aðstoð hjúkrunarfólks og björgunarsveita.

Í framhaldi af því var haft samband við formenn björgunarsveita á Ísafirði og í Hnífsdal og þeir boðaðir strax á lögreglustöð.

Einnig var haft samband við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði (FSÍ) og óskað eftir læknum og hjúkrunarfólki til að senda til Súðavíkur.

Lögreglan kom boðum til sýslumanns kl. 06.38 og var hann kominn á lögreglustöðina fyrir kl. 07.00. Jafnframt gerði lögreglan ráðstafanir til að útvega skip til farar til Súðavíkur. Veður var slíkt að jafnvel stærstu skip treystust varla til að sigla við ríkjandi aðstæður.

Hættuástandi vegna snjóflóðahættu var lýst yfir á Ísafirði og sýslumaður boðaði Av.Ísaf. til fundar kl. 08.30. Ákveðið var að tilnefna Snorra Hermannsson sem vettvangsstjóra í Súðavík og senda hann ásamt 3 læknum, 2 hjúkrunarfræðingum, sjúkraflutningsmanni, björgunarmönnum og snjóflóðaleitarhundum, samtals 52 menn og 3 hunda, með m/s Fagranesi til Súðavíkur. Skipið fór frá Ísafirði kl. 08.50 og kom til Súðavíkur kl. 09.42. Í framhaldi var auglýst eftir sjálfboðaliðum í Svæðisútvarpi Vestfjarða og gaf fjöldi manns sig fram.

Með komu björgunarliðsins hófst nýr kafli í björgunaraðgerðum, þar sem byrjað var að beita markvissu skipulagi og skipta út leitarmönnum með reglulegu millibili, auk þess sem leitarhundarnir juku mjög á afköstin. Jafnframt hófust reglubundnar siglingar til Ísafjarðar, þrátt fyrir mjög erfiðar og hættulegar aðstæður til siglinga.

Av.Ísaf. var nú tekin við heildarstjórn aðgerða í Súðavík og á Ísafirði, undir stjórn sýslumanns. Þar var unnið markvisst að því að útvega meira hjálparlið og samtímis unnið að því að rýma öll snjóflóðahættusvæði á Ísafirði. Er það í fyrsta skipti í sögu almannaþarna að svokallaðri grenndarstjórnun er beitt með almannaþarnanefnd nágrannasvæðis.

### **3. Av.rík.**

Kl. 06.31 bárust boð í bakvaktarsíma Av.rík. frá sveitarstjóra Súðavíkur. Eftir að samband náðist við sveitarstjóra og ljóst var að stórslys hafði orðið, boðaði vaktmaður strax fimm starfsmenn Av.rík. til stjórnstöðvar og var hún opnuð kl. 06.47. Í framhaldi af því voru hjálparliðar stöðvarinnar boðaðir í valda málaflokka.

Kl. 07.15 var formaður almannaþarnaráðs upplýstur um ástandið, en hann var staddur í Lundúnum. Kl. 07.20 - 07.23 voru dómsmála- og forsætisráðherrar upplýstir um málið og um þau viðbrögð sem þegar voru í gangi af hálfu almannaþarna.

Samtímis var leitað upplýsinga um staðsetningu varðskipa, en þau voru við Austfirði og í Reykjavík. Könnun á möguleikum til flugs sýndi að með öllu var ófært og útlit fyrir að svo yrði áfram a.m.k. næsta sólarhringinn.

Einnig var kannað hvaða sveitir á Vestfjörðum gætu lagt til menn til björgunarstarfa og eins á Norðurlandi og togarar voru fengnir til að safna björgunarliði á suðurfjörðunum til farar á Ísafjörð.

Landsstjórn björgunarsveita var boðuð til starfa af Tilkynningaskyldunni kl. 08.08 og kom hún saman í stjórnstöð sinni kl. 08.50. Kl. 09.00 höfðu Av.rík. samband við formann Landsstjórnar björgunarsveita og fólu þeim að taka við könnun á útvegum björgunarliðs á Vestfjörðum.

Almannavarnarráð var kallað saman til fundar kl. 08.00 og gert að mæta í stjórnstöð kl. 10.00, en starfað hafði verið að öllu leyti samkvæmt áður gerðum neyðaráætlunum.

Komið var skipulag á fjölmiðlaþjónustu og annaðist hún almannatengsl og eftirlit með fjölmiðlun til að leiðrétta órökstuddar eða rangar fréttir.

Einnig var unnið að því að undirbúa og draga saman besta fánlega lið björgunar-, lækninga-, hjúkrunar-, sjúkraflutninga- og áfallahjálparfólks sem völ var á til að fara vestur með v/s Tý, sem ákveðið var að legði úr höfn í Reykjavík kl. 14.00. Ennfremur var unnið að öflun búnaðar og hjúkrunargagna. Unnið var að því að koma á fót upplýsingamiðstöð, sem mönnuð væri fólki með þekkingu á áfallahjálpar og sálægslu, sem þjónað gæti aðstandendum og vinum fólks í Súðavík.

Boðun björgunarsveita af höfuðborgarsvæðinu hófst kl. 09.10 og um kl. 12.00 var endanlega ljóst hve mikið lið færi með fyrstu ferð v/s Týs frá Reykjavík, en Týr lagði úr höfn kl. 14.40, eftir nokkra töf vegna búnaðar, sem taka varð um borð á Miðbakka.

Ákveðið var að þiggja flutning á 50 manna björgunar- og hjálparliði til viðbótar með b/v Engey frá Reykjavík til Ísafjarðar, en niðurstaðan varð 70 menn.

Haldið var viðbúnaði með 301 björgunarmann frá mismunandi stöðum á landinu, ef flug gæfi til Ísafjarðar frá einhverjum þeirra.

Ákveðið var að starfslið á vegum Rauða Kross Íslands (RKÍ) færi með fyrstu ferð. Kl. 14.20 var ákveðið í samráði við sýslumann á Ísafirði að skrifstofa RKÍ í Reykjavík tæki að sér að hafa umsjón með birtingu nafna þeirra sem látist höfðu, svo og samband og sálægslu (áfallahjálpar) við ættingja og vini á Reykjavíkarsvæðinu.

Í framhaldi af samtali kl. 0940 við Ágúst Oddsson, héraðslækni í Bolungarvík, voru kannaðir möguleikar á liðsstyrk til áfallahjálpar. Ákveðið var í samráði við hjúkrunarforstjóra Borgarspítala að Rudolf Adólfsson geðhjúkrunarfræðingur yrði fyrirliði áfallahjálparsveitar sem færi með fyrstu ferð.

Kl. 11.30 lá fyrir ákvörðun hópslysaneftndar Borgarspítala, sem yfirlæknir slysadeildar hafði kallað saman, um að senda 3 lækna og 2 hjúkrunarfræðinga.

Kl. 11.21 bauð slökkviliðsstjórnin í Reykjavík fram alla hugsanlega aðstoð. Ákveðið var í samráði við slökkviliðsstjórnann á Ísafirði að þiggja tvær tíu manna sveitir sérhæfðra sjúkraflutningamanna og neyðarsveitarmanna. Fyrri sveitin skyldi fara með fyrstu ferð Týs, en hin vera í viðbragðsstöðu.

Kl. 11.45 var haft samband við yfirlækni á barnaspítala Hringins og hann beðinn að útvega hjúkrunarfræðing og lækni. Kl. 1310 er ákveðið að fækka um einn lækni frá Borgarspítala.

Um kl. 18.00 var ákveðið að þiggja framboðna aðstoð tveggja manna með hitasjá, sem nýst getur við leit í snjóflóði. Þar með var búið að boða alla sem fara áttu með b/v Engey frá Reykjavík kl. 1900.

### Til umhugsunar

- \* Landsstjórn björgunarsveita hefur fundið að því að hafa ekki verið virkjuð fyrir til starfa og er unnið að úrbótum á boðunarferli til þeirra.
- \* Talið hefur verið að senda hefði átt varðskipið Tý fyrir frá Reykjavík, en mat á 18 tíma siglingu hið minnsta, miðað við það foráttuveður sem var, og að megináherslu ætti að leggja á tildrátt liðs frá nálægari stöðum með skipum sem voru í vari inn á fjörðunum, réð þeirri ákvörðun að vanda vel val og samsetningu þess liðs og búnaðar sem fór með Tý.

## VETTVANGSSTJÓRN, MERKINGAR OG VERKSKIPULAG

Hin eiginlega vettvangsstjórn hefst þegar fyrstu hjálparliðar komu undir stjórn Snorra Hermannssonar með m/s Fagranesi frá Ísafirði kl. 09.42 að morgni 16. janúar 1995. Kl. 13.30 kom síðan Oddur Árnason lögregluvarðstjóri og vettvangsstjóri með b/v Stefni til Súðavíkur og gekk til liðs við Snorra við vettvangsstjórn. Með sömu ferð kom Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Ísafirði, til að leysa sveitarstjórnann af, sem starfað hafði undir ofurálagi við stjórn aðgerða. Verkaskipting Snorra og Odds var þannig að Snorri fór með heildarstjórn og samræmingu aðgerða, en Oddur sá um stjórn og skráningu björgunarliðs inn og út af leitarsvæðum. Verkefni fyrsta björgunarskipansins var að merkja útlínur flóðsins með snjóflóðaveifum, þar eð nauðsynlegt var að vita umfang þess. Enginn fékk að fara út á svæðið án þess að bera snjóflóðayli innanklæða.

Rétt eftir að veifuhópurinn yfirgaf Frosta voru þrjú björgunarskip sendir út ásamt þjálfurum og sex björgunarmönnum með skóflur og leitarstangir. Hundarnir stjórnðu nær eingöngu hvar var grafið, en skóflumenn biðu innandyra eftir útkalli um talstöð.

Vegna takmarkaðs fjölda snjóflóðayla var ekki unnt að senda allan hópinn út á leitarsvæðið í einu. Því var björgunarmönnum skipt í fjögurra til sex manna hópa, sem skipt var inn á að meðaltali á tveggja klukkustunda fresti.

Aðgerð þessa fyrsta björgunarskipans, sem taldi um 50 manns, stóð í einni lotu. Þreyta var farin að gera vart við sig hjá þeim, en nokkrir þeirra höfðu verið í útkalli frá því um kl. 3 um nóttina við leit frá Ísafirði.

Vettvangsstjóra var snemma ljóst að verkefnið væri leitarmönnum ofviða, fleiri leitarmenn með snjóflóðayla þyrfti, svo og öflug ruðningstæki. Sýnt þótti að björgunarmenn yrðu tvo til þrjú sólarhringa við störf.

Í aðstöðu Av-nefndar og sveitarstjóra í Frosta áttu allir íbúar að mæta til skráningar, en þrátt fyrir þá viðleitni var enn óljóst hve margra var saknað.

Við nánari skoðun og merkingar var ljóst að skaðasvæðið afmarkaðist af eftirtöldum húsum:

Túngötu nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10 og 12.  
Nesvegi nr. 1, 3, og 7.  
Njarðarbraut nr. 10.

Kl. 10.15 hafði vettvangsstjóri samband við Av.Ísaf. og bað hana að útvega meiri mannskap. Kl. 10.30 tilkynnti lögreglan á Ísafirði að b/v Stefnir væri tilbúinn að fara með liðsauka frá Ísafirði.

Ekki tókst að opna landleiðina. Av.rík. höfðu samband skömmu síðar og tilkynntu um aðstoð sérþjálfaðra manna, sem legðu af stað með v/s Tý kl. 14.00.

Fyrir hádegi var reynt að koma slösuðum og öðrum íbúum Súðavíkur um borð í b/v Bessa til flutnings til Ísafjarðar, þar sem almannavarnarnefnd hafði undirbúið fjöldahjálparstöð, en Bessi komst ekki að bryggju. Þá var ákveðið að Fagranesið flytti fólkið kl. 14.00.

Kl. 13.20 lagðist b/v Stefnir að bryggju í Súðavík með 72 sjálfboðaliða, sem auglýst hafði verið eftir í Svæðisútvarpi Vestfjarða. Var þá byrjað að skipta út og hvíla þá hjálparliða sem fyrir voru.

Stefnir fór síðan aftur til Ísafjarðar með 13 fjölskyldur, 34 einstaklinga, og var þess gætt að sundra ekki fjölskyldum. Allir fóru fyrst á FSÍ til læknisskoðunar og eftirlits.

Vettvangsstjóri æskti þess að íbúar Súðavíkur, sem enn voru á svæðinu, yrðu fluttir brott. Var því misjafnlega tekið, en svo varð engu að síður. Fagranes lét úr höfn í Súðavík kl. 14.10 með slasaða og hjúkrunarfólk auk annarra Súðvíkinga, samtals 94 einstaklinga.

Vettvangsstjóri ákvað nú að hvíla upprunalega björgunarliðið í fjórar til fimm klukkustundir, svo að hægt væri að nota það aftur um nóttina. Svefnaðstaða var veitt í grunnskólanum og íþróttahúsinu. Boðið var svefnpláss í skipunum Kofra og Eyborgu, en aðeins 18 treystust til að sofa þar vegna sjógangs. Hinir 30 fóru í skóla og íþróttahús í fylgd læknis, prests og sálfræðings, sem komið höfðu með Stefni. Þar fór fram áfallahjálp, en allir voru lagstir til hvílu um kl. 16.30.

Kl. 18.35 kom Fagranesið aftur til Súðavíkur með 52 sjálfboðaliða til viðbótar, viðbótarbúnað og varahluti (rafhlöður) í talstöðvar. Þar með var liðsaflí kominn í um 170 manns.

Frá upphafi komst enginn inn eða út úr Frosta án þess að bóka sig hjá flokksstjórn við útidyranganginn. Vettvangsstjórn hafði afnot af einkatölvu og símbréfstæki Frosta og gat því sent allar upplýsingar til stjórnstöðvar Av.Ísaf.

Unnt var að grófteikna útlínur flóðsins í samræmi við gamalt deiliskipulagskort sveitarstjórnar. Inn á kortið voru merktar helstu upplýsingar og staðsetningar og mátti af þeim ráða margar vísbendingar um hvar bæri helst að leita.

Þótt brýn þörf væri fyrir fleiri snjóflóðaýla handa leitarmönnum, geymdi vettvangsstjórn nokkra hjá flokksstjórninni, sem ætlaðir voru læknum, ef þeirra gerðist þörf á leitarsvæðinu, eða ef leita þyrfti að sjálfu björgunarfólkinu. Stöðug hætta af öðru flóði var alltaf í huga stjórnenda.

Mikið álag var á sjálfboðaliðum sem komið höfðu með Stefni og sumir þöldu ekki álagið eða gáfust alveg upp. Þeir voru fluttir í Fagranesið og hjó það nokkuð stór skörð í leitarhópinn.

Kl. 20.35 fór allt rafmagn af í Frosta. Í ljós kom í samtali við gröfumann að snjóflóð hafði fallið ofan við kaupfélagið. Starf gröfumannsins var þegar stöðvað og hann sendur til hvíldar. Vegna rafmagnsleysis flutti vettvangsstjórn fjarskiptasamband sitt í Fagranesið. Þaðan náði hún

farsímasambandi við Av. Ísaf. og tilkynnti tíðindin. Hins vegar var talstöðvasamband ráðandi milli Fagranessins og Frosta.

Snjóllum rafvirkjum datt þá í hug að tengja ljósavél Kofra, sem lá við hafnarkantinn, við rafmagnstöflu Frosta og var það gert með góðum árangri. Spara varð ljósinn og voru þau aðeins notuð í herbergisaðstöðu lækna. Með þessu var hægt að kynda húsið og voru kerti notuð í stað rafmagnsljósa.

Kl. 04.00 ákvað vettvangsstjóri að reyna að ná í hvíldarmennina í grunnskólanum og íþróttahúsinu. Gröfumaður hófst þegar handa við moksturinn. Þegar nóttin var á enda runnin þótti orðin mikil þörf á öflugum ruðningstækjum. Hundarnir mörkuðu þar sem múrplötur, þakplötur og rústir húsgrunna gerðu mokstur erfiðan. Saga þurfti burðarbita og brjóta gólf.

Þar eð ruðningstæki komust ekki til Súðavíkur sendi stjórnstöðin að ósk vettvangsstjórnar bensíndrífna keðjusagir, járnkarla, kúbein og fleiri stórvirk handverkfæri, sem voru óspart notuð og komu að góðum notum.

Varðskipið Týr kom til Súðavíkur kl. 14.20 hinn 17. janúar, en komst ekki að bryggju. Fyrstu menn af Tý voru fluttir á gúmbát í land kl. 15.10 og hjálparliðið síðan selflutt í land.

Björgunarmenn að sunnan komu frá eftirfarandi sveitum: Hjálparsveit skáta í Reykjavík (HSSR), Hjálparsveit skáta í Hafnarfirði (HSH), Hjálparsveit skáta í Kópavogi (HSSK), Hjálparsveit skáta í Garðabæ (HSG), Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík (FBSR), Björgunarahundasveit Íslands, (BHSÍ), Björgunarsveit Ingólfs í Reykjavík, Björgunarsveitinni Fiskakletti í Hafnarfirði, Björgunarsveitinni Kyndli í Mosfellsbæ, Tækjahópi Slysavarnafélags Íslands og sérsveit Slökkviliðs Reykjavíkur. Einnig kom fulltrúi frá svæðisstjórn á svæði 1, auk lækna og hjúkrunarfólks frá Landspítala og Borgarspítala. Samtals tók vel á fjórða hundrað manns þátt í aðgerðunum.

Mjög greiðlega gekk að skipta sunnlenska björgunarfólkinu inn á leitarsvæðið. Kl. 17.05 ákvað vettvangsstjórn að b/v Engey, sem lá í Sundahöfn með björgunarfólk um borð, biði þar frekari fyrirmæla.

Kl. 18.00 var næstsíðasti fundurinn tilkynntur. Staðsetning fórnarlambins í flóðinu var þannig að ljóst þótti hvar það síðasta væri að finna. Það fannst síðan kl. 19.25 og var látið.

Kl. 19.20 var ákveðið að Haffari færi til Ísafjarðar kl. 20.00 með útkeyrða sjálfbóðaliða.

Þegar allir voru fundnir var boðið til sameiginlegs kvöldverðar og síðan bjuggust menn til brottfarar. Haffari tók eins marga og hann gat flutt, en aðrir fóru með Fagranesinu kl. 23.00 hinn 17. janúar.

Skipaðir voru menn til að hafa yfirstjórn á svæðinu eftir að björgunarfólkið var farið. Gunnar Finnsson, hreppstjóri og nefndarmaður almannavarna, var í forsvari, en naut fulltingis sérsveitar Slökkviliðs Reykjavíkur og nokkurra björgunarmanna sem eftir urðu á svæðinu. Veðurspá var slæm og útlit fyrir ofsaveður næstu tvo sólarhringa. Vettvangsstjórn var flutt úr

frystihúsinu Frosta að morgni hins 23. janúar í skrifstofur Súðavíkurrepps. Sérsveit Slökkviliðs Reykjavíkur fór af vettvangi kl. 14.00 hinn 24., en þá urðu þau þáttaskil að skipt var af neyðarstigi yfir í uppbyggingar- og hreinsunarstarf, sem alfarið var í höndum heimamanna og Viðlagatryggingar.

### **Til umhugsunar**

- \* Ljóst er að sá liðsafli sem kom frá Ísafirði og starfaði í Súðavík vann þrekvirki við hinar erfiðustu aðstæður í stórhrið og myrkri undir stöðugri hættu á frekari snjóflóðum.
- \* Stjórn á vettvangi verður að teljast hafa verið eins góð og markviss sem aðstæður frekast leyfðu, þótt skort hafi á notkun fyrirbyggjandi merkinga á menn og svæði til skilgreiningar fyrir utanaðkomandi aðila. Vettvangsstjóri sýndi faglega leiðsögn í starfi og náði þannig fram hámarksskilvirkni með öryggi hjálparamanna og velferð þolenda að leiðarljósi.
- \* Nauðsynlegt er að vettvangsstjórar vanmeti ekki gildi þeirra merkinga sem ætlað er að nota við markvissa vettvangsstjórn, þar sem það flýttir verulega fyrir aðkomuliði að átta sig á mönnum og vinnusvæðum.

## BJÖRGUN

Björgunarstarfið sem unnið var í Súðavík 16. og 17. janúar var sambland tveggja björgunarverkefna, þ. e. annars vegar björgun úr snjóflóði með hefðbundnum aðferðum og hins vegar björgun úr rústum þar sem viðeigandi tækni var beitt.

### **Snjóflóðaleit:**

Við snjóflóðaleitina voru útlínur flóðsins afmarkaðar með þar til gerðum veifum. Því næst var leitarmönnum skipt upp í 4-6 manna hópa sem voru allir búnir skóflum, leitarstöngum og snjóflóðaylum. Þessir hópar dreifðu sér um svæðið og störfuðu í samvinnu við leitarhundasveit, sem skipuð var þremur hundum og þjálfurum þeirra. Skóflumenn voru hafðir innandyra í viðbragðsstöðu og í talstöðvasambandi við þá flokka sem voru utandyra. Þegar "fundur" varð voru þeir þegar sendir út til að grafa þar sem vísbendingar voru um að einhver gæti leynst undir. Stjórnendur leitarhunda ákváðu hvar var grafið hverju sinni og þótt ekki fyndust menn, komu oft í ljós gagnlegar vísbendingar, sem leiddu af sér fund síðar. Þar sem veður og aðstæður allar ollu miklu álagi á björgunarmenn var leitarhópum skipt út að meðaltali á tveggja tíma fresti til að skapa nauðsynlega hvíld eftir því sem aðstæður leyfðu.

### **Rústabjörgun:**

Farið var eftir ábendingum hunda/þjálfara um það hvar líklega mætti finna fólk. Slíkar ábendingar gátu þó verið villandi miðað við hvernig lykt berst í rústum, auk þess sem matvæli og föt geta ruglað hundana í ríminu. Þegar kom að leit í rústum var reynt að tryggja sem best öryggi björgunarmanna við störf með styrkingum og stífingum á húshlutum og í framhaldi þar af beitt lyftitækni til að nálgast fórnarlambið. Hér var því um dæmigerðar aðferðir að ræða við björgun úr rústum, eins og t.d. eftir jarðskjálfta. Beitt var kall- og hlustunaraðferð svo sem kostur var miðað við aðstæður, en hún felst í því að kallað er inn í holrúm rústar og hlustað eftir svari frá innilokaðri manneskju.

### **Leitaraðferðir:**

Ferill snjóflóðsins var settur inn á skipulagskort og ályktað út frá því um líklega straumstefnu. Leitarstaðir voru síðan ákveðnir út frá því. Ávallt var grafið þar sem leitarhundar "mörkuðu", en í mörgum tilfellum fundust aðeins matarleifar, fataskápar o.þ.h. Engu að síður notuðu leitarmenn hvern fund til að finna út stefnu, dýpt og legu hlutanna miðað við það hús, sem þeir komu frá og þannig var hægt að þrengja leitarsvæðin verulega. Einnig fundust í snjónum blóðrákir sem hægt var að fylgja eftir með því að grafa eftir þeim sem síðan leiddi til þess að fólk fannst. Þegar leitað var í rústum var jafnan stuðst við teikningar af viðkomandi húsi, auk

Þess sem leitað var upplýsinga hjá kunnugum um lit á veggjum og gólfefnum í viðkomandi húsi, sem gáfu til kynna hvar í rústum væri verið að leita.

### **Skilvirkni og gallar:**

Leitarhundarnir og þjálfarar þeirra náðu bestum árangri við að finna þá sem grafist höfðu í flóðinu. Þar er fyrir að þakka langri og markvissri þjálfun og undirstrikar mikilvægi þess að leggja sem mesta áherslu á þjálfun hunda til þessara starfa. Ef bera fór á því að hundarnir misstu áhugann var brugðið á það ráð að grafa björgunarmann í fönn og láta hundana "finna" hann. Efldust þeir allir við þann árangur, en það sem mest háði þeim voru glerbrot og aðrir hvassir hlutir sem særðu fætur þeirra.

"Mörkun" er lítils virði ef henni er ekki fylgt eftir með greftri eða annarri leitartækni. Það sem einkenndi snjóflóðið í Súðavík, líkt og önnur snjóflóð í byggð, var hversu óhreint það var. Húshlutar, spýtnabrák, húsgögn, bílar o.fl. voru út um allt og hömluðu leit með leitarstöngum og töfðu uppgröft verulega.

Leitartækni með snjóflóðaylum, Recco, hlustunartækjum og hitasjá var ekki beitt í Súðavík og fékkst því ekki reynsla eða samanburður af þeim aðferðum enda þolendur ekki með ýla eða Recco- flögur á sér og hitasjáin var ekki komin á staðinn í tíma.

## VERNDUN - GÆSLA

Ekki reyndi á hinn dæmigerða verndunar- og gæsluþátt aðgerðanna fyrstu þrjá sólarhringana í Súðavík, þar sem skaðasvæðið var lokað vegna veðurs og ófærðar öllum nema þeim sem störfuðu við björgunar- og hjálparstörf.

Þegar unnt varð vegna veðurs og annarra aðstæðna að huga að eignavörslu og björgun, sendu Av.rik. tvo verkfræðinga hinn 19. janúar til Súðavíkur til að vera til ráðuneytis um skipulag þeirra mála. Eftir könnun á svæðinu var það niðurstaða þeirra að u.þ.b. 40 manna hópur væri heppilegastur til eignavörslu, en heimamenn sjálfir mundu ráða við að loka húsum til bráðabirgða.

20. janúar hófst vinna við eignavörsluna og var unnið samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

Stjórn verksins var í höndum Slökkviliðs Reykjavíkur.

Vettvangsstjóri var útnefndur til að stjórna framkvæmd eignabjörgunar og -vörslu.

Annar vettvangsstjóri var útnefndur til að annast öryggisgæslu eignabjörgunarmanna, enda snjóflóðahætta enn yfirvofandi.

Verðmætavörður var skipaður til að skrá og taka á móti verðmætum í félagsheimili Súðvíkinga og hafði hann einn lykil að félagsheimilinu en fulltrúi Av.rik aðra tvo. Skipt var um skrá.

Tækjavörður var skipaður til að sjá um öll verkfæri og tæki til starfsins.

Myndaðir voru 5 vinnuhópar undir stjórn hópstjóra, sem sáu um framkvæmd á flóðasvæðum.

Í fyrstu yfirferð var byrjað á því að aftengja vatnsinntök, negla fyrir brotna glugga og aftengja rafinntök til að koma í veg fyrir frekari skemmdir. Lausir munir voru teknir, skráðir og fengnir verðmætaverði til vörslu. Síðan voru hóparnir settir í að hreinsa frá uppstandandi húsum, þar sem snjór hafði farið inn.

Um kvöldið var haldinn fundur með sýslumanninum á Ísafirði um hversu langt skyldi ganga í að grafa eftir munum í flóðinu. Niðurstaðan varð sú að grafið skyldi eftir tilteknum munum samkvæmt óskum eigenda húsanna, eða umboðsmanna þeirra, enda væri þá hægt að benda á líklegan verustað munanna. Vinna hélt áfram hinn 21.

Hinn 22. janúar var sýslumanni gerð grein fyrir stöðu mála og valkostum í frekari hreinsun. Var ákveðið að fulltrúar Av.rik. færu til síns heima, en verkið yrði áfram í höndum Slökkviliðs Reykjavíkur. Fulltrúar Av.rik. lögðu fram tvo kosti í stöðunni. Annar var að einungis yrðu ruddar götur í þorpinu og ruðningnum ekið á tiltekinn stað, þar sem hann yrði vaktadur og munir tíndir út til vörslu og skráningar um leið og þeir fyndust. Að öðru leyti yrði

svæðið látið óhreyft, þannig að íbúar gætu leitað að vild, en vaktmenn væru jafnframt yfir því til að taka muni sem kæmu undan bráðnun og koma í vörslu. Hinn kosturinn var að allt svæðið yrði hreinsað upp og keyrt á tiltekinn stað, sem yrði vaktaður og munir tíndir úr til vörslu og skráningar.

Hinn 22. janúar var ætlunin að opna svæðið fyrir Súðvíkinga til að leita eigna sinna, en frá því var horfið vegna nýrra flóða í nágrenninu og snjóflóðahættu.

Mánudaginn 23. janúar komu brottfluttir Súðvíkingar til leitar og fengu aðstoð björgunarmanna. Súðvíkingar ræddu um að fá stórvirkar vinnuvélar til að hreinsa í rústunum og heimilaði sveitarstjóri mokstur í gegnum flóðið. Stjórnandi Slökkviliðs Reykjavíkur tók þá fram, sem fulltrúi Av. rík. og stjórnandi aðgerða, að hann heimilaði það ekki og staðfesti sýslumaður þá afstöðu.

Eftir hádegi sama dag var hættuástandi aflétt og tók sveitarstjórn þar með við stjórn mála. Samkomulag varð þó um að sjö menn úr Slökkviliði Reykjavíkur yrðu áfram við störf til að aðstoða framkvæmdanefnd hreinsunarstarfsins, sem sveitarstjórn setti á stofn. Lýkur þar með afskiptum Almannaavarna af hreinsun og verðmætavörslu.

## FJARSKIPTI OG VEITUKERFI

Fyrst eftir að snjóflóðið féll var full raforka bæði í Súðavík og á Ísafirði, en reyndar var notast við varaorku með keyrslu rafstöðvar í Súðavík, þar sem sem raflínan var slitin. Einnig gekk símakerfið þrátt fyrir að sírstöðin hefði lent í snjóflóðinu og skemmst, en sá hluti hússins sem hýsti tækjabúnaðinn stóð. Sama gilti um Ísafjörð hvað varðar raforku, þar var einnig keyrt á varastöðvum. Framan af í neyðaraðgerðunum var því um að ræða óhefta notkun á síma.

Hvað varðar fjarskipti innan Súðavíkur við neyðaraðgerðirnar var notast við VHF talstöðvar björgunarsveitanna og dugðu "stöð við stöð" fjarskipti þar vegna hinna stuttu vegalengda. Það sem háði fjarskiptum inni á slysstaðnum einna mest var í fyrstu skortur á vararahlöðum og einnig það að hið gífurlega snjóköf bæði vegna ofankomu og skafrennings gerði alla notkun viðkvæmra rafeindatækja utandyra erfiða þar sem fingerður snjór smaug inn í þau og olli skammhlaupi milli rafrása.

Í Ísafirði var rafmagnsskömmun í gangi vegna ónógs varaafls og reyndi Orkubú Vestfjarða að tryggja forgangsorku til þeirra staða í bænum þar sem mikilvæg starfsemi fór fram vegna almannavarna. Í þeirri stýringu á rafmagnspörf milli mikilvægra staða kom fram að ekki var nógu gott upplýsingaflæði viðhaft á milli almannavarna og Orkubúsins, en það lagaðist þegar á leið.

Kl. 20.35 féll annað snjóflóð í Súðavík og við það rofnaði rafmagn og sími í þorpinu. Þá var notast við farsíma, en það gekk brösótt vegna mikils álags, auk truflana í tengistöð í Arnarnesi, en þar hafði startari í ljósavél gefið sig vegna tíðra rafmagnstruflana. Því varð um langtímasambandsleysi að ræða milli Ísafjarðar og stjórnstöðvarinnar í Súðavík. Þá var gripið til þess ráðs að láta skipin sem voru í förum á milli Súðavíkur og Ísafjarðar bera boð á milli um talstöð, þ.e. á meðan þau voru í "heyrnarfæri" stöðvanna á báðum stöðum, en endurvarpsstöð björgunarsveita á svæðinu virkaði ekki og engin almannavarnatalstöð var virk í Súðavík inn á endurvarpann á Steingrímsfjarðarheiði, þar sem stöðin grófst í snjóflóðinu sem lenti á hreppsskrifstofunni.

Eftir að rafmagn fór af Súðavík tókst þó að koma raforku á stjórnstöðvaraðsetrið þar með því að tengja rafkapal frá b/v Kofra og keyra ljósavélar hans inn á rafmagnskerfi hússins.

Fram hefur komið að læknað sem voru við störf í Súðavík töldu að þeir hefðu þurft að hafa betri fjarskipti beint við FSÍ, en við rof símasambanda tók að mestu fyrir þau.

Eftir að rafmagn var komið á aftur breyttist þetta til betri vegar með tilkomu símasambandsins.

Almennt gengu símasambönd við Vestfirði vel um þennan hamfaratíma.

**Til umhugsunar**

- \* Mikilvægi raforku og símasambanda er slíkt á hamfaratímum að taka þarf sérstaklega til athugunar staðsetningu varaafstöðva, tengivirkja og símsstöðva, með flutning í huga, af hættusvæðum vegna snjóflóða.
  
- \* Athuga þarf sérstaklega einhæfni talstöðvakerfa með tilkomu VHF væðingar, en ekki voru til staðar talstöðvar á HF tíðnisviðum til að nota í Súðavík þegar raforkan og síminn brugðust. Er það verðugt könnunar- og skipulagsverkefni fyrir Av.rík., sem þurfa að eiga handbærar frumstæðustu öryggisleiðir til að grípa til þegar aðrar tæknilega fullkomnari bregðast, að athuga hvort ekki sé ráðlegt að eiga öflugar HF talstöðvar um landið sem grípa má til á neyðarstundu og tengja í skyndi við almenna orkugjafa eða inn á orkugjafa bíla og/eða dráttarvéla eftir atvikum, en langdrægi þeirra er gegnumsneitt meira en VHF stöðva, auk þess sem ekki þarf að treysta á misjafna virkni endurvarpsstöðva þegar mikið liggur við.

## SAMGÖNGUR OG FLUTNINGUR LIDS

### Flutningar á sjó

Frá upphafi var ljóst að eini möguleikinn til að koma aðstoð til Súðavíkur var að fara sjóveg. M/s Fagranes fór fyrst skipa frá Ísafirði kl. 08.50. 11 önnur skip tóku þátt í flutningum og hjálparstarfi með einum eða öðrum hætti, auk varðskipsins Týs. Eins og áður hefur komið fram áttu skip í miklum erfiðleikum með að athafna sig vegna veðurofsa og sýndu skipstjórnarmenn og áhafnir þeirra skipa sem þátt tóku í aðgerðunum afburða sjómannshæfni. Miklar skemmdir urðu á mörgum skipum vegna brotsjóa eða barnings við bryggjur. Eitt skipanna strandaði vegna flutninganna, en komst óskemmt á flot og annað skip hélt sjó í Húnaflóa í um tvo sólarhringa með hóp björgunarmanna af Norðurlandi um borð.

### Flutningar á landi

Samgöngur á landi voru með öllu útilokaðar að morgni mánudagsins 16. janúar og miklir erfiðleikar í samgöngum innanbæjar, bæði á Ísafirði og í Súðavík. Með öllu var ófært um Óshlíð og Kirkjubólshlíð vegna fannfergis og snjóflóðahættu. Vegurinn um Eyrarhlíð var þó notaður að morgni mánudagsins af björgunarsveit SVFÍ í Hnífsdal vegna flutnings á íbúum Teigahverfis til Ísafjarðar. Björgunarsveitin í Bolungarvík komst ekki til Ísafjarðar fyrr en kl. 14.00 á þriðjudag vegna farbanns um Eyrarhlíð.

Að kvöldi fimmtudags 19. janúar um kl. 23.00 opnaðist landvegurinn milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Umferð var þó aðeins heimil með sérstöku leyfi almannavarnanefndar og var höfð gæsla við veginn beggja vegna meðan neyðarástand gildi.

### Flutningar í lofti

Ófært var með öllu að fljúga til Ísafjarðar þar til fimmtudaginn 19. janúar. Þann dag fóru fram fyrstu útskiptingar á hjálparliði flugleiðis. Var þar um að ræða nauðsynlegustu útskiptingar, svo og viðbótarlið, m.a. snjóflóðasérfræðing VÍ og tvo verkfræðinga á vegum Av.rík. til að skipuleggja skaðamat og verðmætabjörgun, ennfremur áfallahjálparfólk. Áætlunarflug Flugleiða var nýtt til þessa, svo og flugvél Flugmálastjórnar.

Þyrla frá varnarliðinu var einnig send þennan dag með viðgerðarmenn frá Pósti og síma til aðkallandi viðgerða á aðaltengistöð P&S fyrir Vestfirði. Þeirri viðgerð lauk um kl. 15.00.

Föstudaginn 20. janúar var haldið áfram að skipta út hjálparliði undir stjórn Landsstjórnar björgunarsveita í samráði við Av.rík. Við þá flutninga var notaður flugkostur frá Flugleiðum, Landhelgisgæslu og flugfélaginu Erni á Ísafirði. Þyrla LHG, TF-GRÓ, var send til Ísafjarðar þennan dag og var til ráðstöfunar fyrir almannavarnanefnd til 23. janúar.

Á tímabilinu 21.- 23. janúar voru útskiptingar á hjálparliði 10-12 menn á dag með flugvélum Flugleiða og Ernis.

## MEÐFERÐ SLASAÐRA

### Fjöldi slasaðra

Alls lentu 47 manns í flóðinu. Þar af létust 14, en 9 var bjargað lifandi. 12 voru slasaðir og lést einn þeirra síðar. 5 eða 6 fengu fyrstuhjálpar áður en greiningarsveit FSÍ kom á vettvang.

### **Söfnunarsvæði slasaðra og störf greiningarsveitar:**

Í upphafi fóru þrjú lækningar frá FSÍ til Súðavíkur, þ.e. einn skurðlæknir og tveir heilsugæslulækningar. Einnig fóru tveir hjúkrunarfræðingar. Allir fóru þeir með fyrstu ferð Fagranessins kl. 08.50. Enginn læknir var skipaður yfirstjórnandi aðgerða á staðnum og varð af því misskilningur. Hins vegar leit vettvangsstjóri svo á að yfirlæknir FSÍ væri stjórnandi greiningarsveitar. Í skýrslu vettvangsstjóra kemur fram að læknir hafi ávallt verið til reiðu fyrir björgunarfólk í skólanum og íþróttahúsinu ásamt sálfræðingi og presti.

### **Utanaðkomandi sjúkrahjónusta:**

Kl. 10.25 upplýsir yfirlæknir Heilsugæslustöðvarinnar á Ísafirði (HSÍ) stjórnstöð Av.rík. um að FSÍ/HSÍ verði að spara starfsfólk sitt, t.d. hjúkrunarfræðinga á sjúkrahúsi og heilsugæslustöð, þar sem mannskapur hafi verið sendur til Súðavíkur.

Á þessum tíma er Av.rík. í viðræðum við yfirlækni á slysadeild Borgarspítalans (BSP) um að senda mannafla með varðskipi vestur. Hann kallar hópslysanevnd spítalans saman og tilkynnir skömmu síðar Av.rík. að ákveðið hafi verið að senda 3 lækna og 2 hjúkrunarfræðinga.

Kl. 11.45 staðfestir Landspítalinn (LSP) að þaðan fari barnalæknir, barnaskurðlæknir og barnahjúkrunarfræðingur, en þetta breytist þó síðar.

Kl. 13.10 tilkynnir BSP að greiningarsveit spítalans verði skipuð lækni stjórnanda, 1 lækni, 1 hjúkrunarfræðingi frá slysadeild og 1 frá svæfingardeild. Sem varasveit (B-sveit) lækni stjórnanda, hjúkrunarfræðingur, læknir frá skurðdeild og læknir frá svæfingardeild.

Með Tý í fyrstu ferð kl. 14.40 fóru því:

Frá BSP 2 lækningar og 2 hjúkrunarfræðingar til starfa í Súðavík.

Frá Barnaspítala Hringins, 1 læknir og 1 hjúkrunarfræðingur.

Frá BSP vegna áfallahjálpar, geðhjúkrunarfræðingur, geðlæknir, hjúkrunarfræðingur og sjúkrahússprestur.

Sunnudaginn 22. janúar hefur yfirlæknir á HSÍ samband og óskar eftir því að Av.rík. fylgi eftir beiðni sinni til landlæknis frá föstudegi um að fá tvo lækna vestur á HSÍ og FSÍ. Ákveðið er í samráði við heimamenn að tiltekinn læknir og sálfræðingur fari með flugi kl. 14.20 og að læknanemi skuli fara vestur 23. janúar.

### **Hópslysaskipulag FSÍ og móttaka slasaðra og veikra þar:**

Fyrsti hópur Súðvíkinga, 13 fjölskyldur, alls 34 einstaklingar, kom með Stefni til Ísafjarðar og af þeim voru 7 lagðir inn á FSÍ eftir greiningu samkvæmt hópslysaáætlun. Næsti hópur 94 manns, skv. upplýsingum vettvangsstjóra, kom með Fagranesinu og voru 7 slasaðir í þeim hópi svk. skýrslu lögreglu.

Samkvæmt þessu hafa 128 manns farið á sjúkrahúsið til skoðunar, skráningar eða innlagnar, eða til vistunar á fjöldahjálparstöð eða inn á heimili.

18. janúar er verkum aftur skipt milli lækna. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar af HSÍ hefja störf að áfallahjálp með aðkomuhjálparliði. Hinn 19. janúar taldi hjúkrunarforstjóri FSÍ í samtali við Av.rík. ekki þörf á meiri mannafla til hjúkrunar, en annað kom á daginn þann 22. janúar, eins og áður er getið.

Starfsandi innan sjúkrahússins var frábær og skipulag var sveigt að þeim þörfum sem upp komu hverju sinni, þrátt fyrir ýmis vandamál sem upp komu varðandi stjórnun og samræmingu.

### **Minnispunktur:**

Læknar á FSÍ tóku saman minnispunkta um það sem miður fór og fara þeir hér á eftir:

- 1) Hópslysanevnd var ekki kölluð saman.
- 2) Búnað greiningarsveitar þarf að bæta.
- 3) Betri upplýsingar þurfti um hjálpartæki og búnað hvernar hjálparsveitar fyrir sig.
- 4) Fjarskipti milli lækna, sjúkrahúss og vettvangsstjóra vantaði.
- 5) Sjúkradeild var ekki lokað í fyrstu fyrir aðkomufólki.
- 6) Sí mavakt var ekki viðhöfð að loknum vinnudegi fyrr en eftir því var sérstaklega gengið.
- 7) Óvissa ríkti í upphafi um hvar söfnunarvettvangur slasaðra í Súðavík skyldi vera.

- 8) Hjálparsveitarmenn voru sendir til hvíldar í grunnskólann í Súðavík, yfir þekkt snjóflóðasvæði.
- 9) Áfallahjálp hefði átt að vera í samvinnu við heimamenn frá upphafi.
- 10) Rétt hefði verið að láta heimamenn ráða einhverju um sérhæfingu þeirra lækna sem sendir voru frá Reykjavík. Samband vantaði við lækna á staðnum, en landlæknir hefði átt að skera úr um vafaatriði.
- 11) Staðarfólk, þ.e. lækna og hjúkrunarfólk, þarf áfram að gegna vaktskyldu eftir slík áföll. Þyrfti það því að eiga möguleiki á hvíld og fríum.

**Það sem vel fór að mati læknanna var eftirfarandi:**

- 1) Rýming sjúkradeildar á FSÍ gekk vel fyrir sig.
- 2) Tími gafst til að undirbúa stofnunina fyrir það sem í vændum var.
- 3) Hópslysaáætlun var til og hægt var að framfylgja henni í stórum dráttum.
- 4) Allir starfsmenn innandyra sýndu ótrúlegt starfsþrek og fórnfýsi.
- 5) Móttaka og skráning þolenda gekk vel á sjúkrahúsinu.
- 6) Ákvörðun Av.rík. að senda hjálparlið með varðskipi styrkti starfsemina verulega.
- 7) Ákvörðun á vettvangi um að senda flesta Súðvíkinga til Ísafjarðar var rétt.
- 8) Gott samstarf fólks í heilbrigðisstétt var við hjálparlið að sunnan eftir að byrjunarörðugleikar höfðu verið yfirstignir.

## MEÐFERÐ LÁTINNA

Þegar fólk fannst í flóðinu var það flutt á afmarkaðan stað í skrifstofuhúsnæði frystihússins Frosta, þar sem ástand þess var kannað og lífgunartilraunir gerðar ef lífsmark var ekki finnanlegt. Bæru þær tilraunir ekki árangur var fólk þá flutt á annan afmarkaðan stað innan skrifstofunnar. Eftir að lækningar komu til Súðavíkur með björgunar- og hjálparliðinu um kl. 09.40, skoðuðu þeir alla þá sem taldir voru slasaðir eða látnir og úrskurðuðu um hina látnu.

Tekið var frá svæði sem söfnunarsvæði látinna, afskekkt frá öðrum starfsdeildum og íverustöðum fólks í frystihúsinu. Rannsóknarlögreglumáður frá Ísafirði tók þá við varðveislu látinna. Merkti hann líkin og lét fjölskyldumeðlimi vera saman. Umgengni við svæðið var aðeins leyfð þeim sem sinntu verkefninu. Látnum var komið fyrir á sjúkrahöllum og umbúnaður, sem slökkviliðsmenn úr Reykjavík sáu um, var eins góður og aðstæður leyfðu. Prestur kom á staðinn áður en endanlega var gengið frá hinum látnu á börur.

Flutningur látinna frá Súðavík fór fram aðfaranótt 19. janúar og voru þeir fluttir á FSÍ, þar sem líkin voru undirbúin til kistulagningar. Þegar í upphafi aðgerða hafði Rannsóknarlögregla ríkisins boðið fram aðstoð við að annast útvegum og flutning á kistum og aðra þá þjónustu sem varðaði flutning og meðferð fram að ráðstöfun aðstandenda til greiftrunar. Var öll sú meðferð unnin í samvinnu við sóknarpresta og starfsfólk FSÍ.

Meðferð látinna var að mati Av.rík. á allan hátt nærfærnisleg og vel af hendi leyst.

## ÁFALLAHJÁLP, SÁLGÆSLA OG HUGGUN

Rudolf Adolfsson, geðhjúkrunarfræðingur á BSP, Borghildur Einarsdóttir, geðlæknir á LSP, og Ágúst Oddson, héraðslæknir Vestfjarðaumdæmis, héldu sl. haust námskeið í áfallahjálpi, hið fyrsta sinnar tegundar hérlandis, fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga á Ísafirði. Þetta námskeið auðveldaði mjög starfsfólki FSÍ og HSÍ öll störf í áfallahjálpinni. Þá hefur Rudolf einnig flutt erindi um áfallahjálpi á námskeiðum Av.rík. fyrir vettvangsstjóra og almannavarnanefndir, en áfallahjálpi hefur verið á námskrá þessara hópa frá upphafi.

Eftir atburðina í Súðavík skipaði landlæknir vinnuhóp til að skilgreina og skýra hugtakið áfallahjálpi.

Þolendum náttúruhamfaranna í Súðavík má skipta í nokkra hópa:

- 1) Fólki sem bjargaðist úr flóðinu.
- 2) Fólki sem missti ástvini sína í flóðinu.
- 3) Aðrir íbúar Súðavíkur.
- 4) Ættingjar ofangreindra þriggja hópa.
- 5) Björgunaraðilar.
- 6) Fólki sem lent hefur áður í álíka raunum og endurlífir þær nú í fjölmiðlaumræðunni.
- 7) Hugsanlega aðrir sem að aðgerðum komu án persónulegrar náundunar (stjórnstöðvafólki).
- 8) Áhafnir skipa.

### Útvegun áfallahjálpar

Í framhaldi af samtali Av.rík. við héraðslækninn í Bolungarvík kl. 09.40 hinn 16. janúar, sem taldi þörf á áfallahjálpi, leitaði stjórnstöð Av.rík. til Borgarspítala og fékk heimild til að Rudolf Adolfsson færi vestur ásamt fólki til áfallahjálpar. Kl. 13.10 tilkynnir BSP skipun áfallahjálparhóps ásamt tveggja varasveita.

Hinn 17. janúar kl. 13.10 er áfallahópurinn kominn á FSÍ. Hinn 19. janúar kl. 11.10 tilkynnir landlæknir stjórnstöð Av.rík að hópslysanefnd Av.rík sjái um áfallahjálpinu sem hluta af hópslysi. Nýr hópur muni fara til Ísafjarðar og kl. 14.52 fara fjórir áfallahjálparmenn þangað með flugvél Flugmálastjórnar.

## Yfirlit

Áfallahjálparfór fram á fjórum stöðum.

- 1) Í Súðavík, þar sem björgunarfólki var veitt áfallahjálpar af lækni, presti og sálfræðingi.
- 2) Á FSÍ í nýrri álmu, sem var að öllu leyti tilbúin nema húsgögn vantaði. Þar voru við störf 10 til 15 manns þegar mest var. Þeir sem þar störfuðu voru 2 fjögurra manna hópar frá Reykjavík, þ.e. frá LSP og BSP, auk héraðslæknisins, presta og starfsfólks FSÍ. Töluvert var einnig um vitjanir í heimahús.

Auk þess að sinna einstaklingum sem lögðust inn á sjúkrahúsið og ættingjum þeirra, var talað við aðra sem tengdust slysinu, svo sem björgunarmenn, starfsmenn heilsugæslu, sjúkrahúss o.fl.

Samantekt um störf áfallateymisins sýnir að fyrstu tvær vikurnar voru skráð yfir 170 einstaklingsviðtöl og í hópviðtöl höfðu komið u.þ.b. 240 einstaklingar. Þetta eru lágmarkstölur, því að fyrstu dagana vantaði eitthvað upp á að skráning væri fullkomin.

- 3) Í fjöldahjálparstöð á Ísafirði.
- 4) Hjá RKÍ í Reykjavík.

## Upplýsingatengsl og boðskipti um afdrif þolenda

Kl. 13.00 ræddi skrifstofustjóri innanlandsdeildar RKÍ við Av.rik. um tengsl við fjölmiðla og var ákveðið að tilkynna í fjölmiðlum að frá kl 15.00 yrði starfrækt upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur hjá RKÍ.

Starfsfólk RKÍ, RK hússins og Vinjar var nýtt í þessa símsvörun, en auk þess komu til fagmenntaðir sjálfbóðaliðar, s.s. læknar, sálfræðingar og prestar. Útbúið var símtalsblað og ákveðið að taka niður nöfn þeirra aðstandenda sem hringdu og hringja í þá til baka. Fagfólk skyldi taka símtöl með dánartilkynningum og til þeirra sem áttu aðstandendur sem enn var saknað. Starfsfólk RKÍ svaraði og öðrum fyrirspurnum um afdrif fólks..

Jafnframt var unnið að því að fá nauðsynlegar upplýsingar, svo sem íbúaskrá Súðavíkur, lista yfir látna og þá sem enn var saknað. Ennfremur þá skráningarlista sem þegar höfðu verið teknir saman fyrir vestan um hvar þeir íbúar Súðavíkur, sem bjargast hefðu, væru niður komnir. Íbúalisti og listi yfir látna komu um kl. 15.00 en aðrar upplýsingar á næstu 2-3 klukkustundum.

Því var komið til skila við RKÍ, að sérstaklega þyrfti að huga að því að halda opinni upplýsingaleið til þolendanna sjálfra og láta þá strax vita þegar nýjar fréttir bærust.

200 símtöl bárust fyrsta daginn. Aukið framboð sjálfbóðaliða leiddi til þess að vaktir voru stytтар.

Kl. 17.10 hinn 17. janúar ræðir sjúkrabjónusta Av.rík. við RKÍ um að listi yfir látna muni birtur í fréttum kl. 19.00. Av.Ísaf. hafði sama dag ákveðið að birta mætti tilkynningu með nöfnum látinna kl. 20.00. Rétt áður en þetta er birt höfðu síðustu líkin fundist, og komu nöfnin í fréttum ásamt öðrum nöfnum. RKÍ var látinn vita skömmu áður, en ekki gafst tími til að láta aðstandendur vita og síðar kom í ljós að þeir hefðu frétt lát ástvina sinna í fjölmiðlum.

Hinn 18. janúar var að málaleitan sr. Braga Skúlasonar hafin vinna við nákvæmari skráningu á fjölskyldutengslum látinna og annarra Súðvíkinga, sem áttu um sárt að binda. Því verki lauk sama dag.

### **Sálgæsla og huggun í fjöldahjálp**

16. janúar. Um kl. 10.35 upplýsir yfirlæknir HSÍ að prestur sé kominn á heilsugæslustöðina til að veita huggun. Andleg aðhlyning var veitt af RK fólki á deild FSÍ þegar Súðvíkingar komu þangað.

Kl. 11.40 er ákveðið að fá sr. Magnús Erlingsson til prestsstarfa í Súðavík.

Kl. 14.30 bókar framkvæmdastjórn Av.rík. að barnageðlæknir, sjúkráhusprestur og sálfræðingur muni starfa á vegum RKÍ í höfuðstöðvum þeirra.

17. janúar kl. 17.00 kom fram á fundi hjá RKÍ, að samband væri komið á við presta um allt land, þar sem aðstandendur látinna búa. RKÍ upplýsir á sama tíma að störf gangi vel og mikil hjálpar sé að þeim 5-7 prestum sem líka hafi farið heim til fólks. Sálfræðingar hafa einnig verið með viðtöl.

### **Langtímameðferð fyrir fórnarlömb**

Ljóst er að meðferð er persónubundin og getur staðið árum saman í sumum tilfellum. Áfallateymið frá Reykjavík lagði mat á það á fyrstu dögum hverjir þyrftu á áframhaldandi stuðningi að halda, en í Súðavík hefur áframhaldandi áfallahjálpar aðeins verið sinnt gagnvart börnum.

### **Til umhugsunar**

- \* Stjórnendur áfallahjálpar í framtíðinni þurfa að sjá til þess að skráning fari fram á stöðluðum eyðublöðum á öllum stöðum þar sem hjálpar er veitt og að þar komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar. Þessar upplýsingar þurfa síðan að berast þeim aðilum sem málið varðar, eins og Av.rík.
- \* Skipulega þarf að standa að boðun starfsmanna frá LSP í tilfellum sem þessu, en ekki var farin boðleið Av.rík. um beinan síma og hópslysanevnd spítalans virkjuð eins og ætlað er.

- \* Formleg tengsl við yfirstjórn geðdeildar vantaði af hálfu almannavarnanefndar spítalans eða Av.rík. Þetta leiddi m.a. til þess að hópurinn sem fór vestur var að nokkru leyti sjálfvalinn, sem hefur bæði kosti og galla. Þarfnast það lagfæringar.
- \* Sjúkrahúsin í Reykjavík þurfa að þjálfa sérhæft starfsfólk í áfallahjálp og sjá til þess að ævinlega séu tiltækir hæfir einstaklingar, þegar nauðsyn krefur.
- \* Tryggja þarf að stjórnandi með reynslu og þekkingu í áfallahjálp sé settur yfir áfallahjálpinu. Sá aðili þarf að hafa yfirsýn yfir verkefnið, sjá um tengsl við aðra samstarfsaðila, eins og starfsfólk heilsugæslu, almannavarnanefnd, fjölmiðla o.fl.
- \* Upplýsingaflæði þarf að vera virkt. Hlutaðeigandi almannavarnanefnd þarf að tryggja að upplýsingar berist til bæjaryfirvalda, starfsfólks heilsugæslu og hins almenna íbúa. Nokkuð vantar á að eftir skipulagi almannavarna hafi verið farið hvað þetta varðar.
- \* Ákveðin hætta er á því að þeir sem búa á hættusvæði gleymist, þegar meiri hætta er annars staðar. Þetta átti við um íbúa Hnífsdals og Flateyrar.
- \* Nauðsynlegt er að Av.rík. og aðrir sem málið varðar beiti sér fyrir skipulagningu á fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk og aðra hjálparaðila á landsbyggðinni. Tilfinnanlega vantar námskeið sem lýtur að hópslysamálum í heild sinni fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga.
- \* Ástæða er til að leggja áherslu á að mjög mikilvægt forvarnarstarf fer fram með áfallahjálpinu. Nauðsynlegt er að fylgja skipulega eftir þeim einstaklingum sem lentu í þessum áföllum, ekki síst til að koma í veg fyrir alvarleg eða varanleg einkenni. Ennfremur verður að halda til haga upplýsingum um hvað gerist eftir áfall eins og snjóflóðið í Súðavík. Það er nauðsynlegt til að meta árangur áfallahjálparinnar og halda áfram hjálpi við þá sem um sárt eiga að binda.

## FJÖLDA- OG FÉLAGSHJÁLP

Samkvæmt samkomulagi milli Av.rík. og RKÍ og samkvæmt skipulagi almannavarna annast RKÍ fjöldahjálpar og félagslegt hjálparstarf. Í því felst móttaka, skráning, skýling og klæði fyrir þá sem missa heimili sín á hættutímum, sameining fjölskyldna, almenn aðhlyning fyrir heimilislauða, fyrstahjálpar og sármeðferð lítið slasaðra, sálræn skyndihjálpar og sálgæsla.

Í skipulagi Av.Súð. er gert ráð fyrir að Rauðakrossdeild (ótilgreind) sjái um framkvæmd þessa verkefnis. Félagar í Súðavík voru ekki nógu margir til að uppfylla þarfir og því engin RK-deild til staðar. Á Ísafirði starfar RK-deild og þar var fjöldahjálpar og félagslegu hjálparstarfi sinnt.

### Móttaka, skráning, skýling og aðbúnaður brottfluttra

Þessum verkefnum var í meginatriðum sinnt á eftirtöldum stöðum:

1. Í Súðavík í frystihúsinu Frosta áður en brottflutningur hófst til Ísafjarðar.
2. Á Ísafirði á sjúkrahúsinu, hótelinu, einkaheimilum og í menntaskólanum.
3. Í Reykjavík, aðallega í láns- og leiguhúsnaði.

Frystihúsið Frosti gegndi lykilhlutverki í Súðavík og þangað komu eða voru fluttir allir íbúar þorpisins. Húsinu var skipt niður í 5 svæði: Söfnunarsvæði brottflutnings og jafnframt fjöldahjálparsvæði, söfnunarsvæði slasaðra, söfnunarsvæði látinna, stjórnstöð Av. nefndar og aðsetur vettvangsstjóra.

Í byrjun var íbúaskrá ekki til staðar og óvissa ríkti um fjölda þeirra sem lent höfðu í flóðinu, hvort einhverjir íbúa hefðu verið fjarverandi eða haft gesti í húsum sínum. Upplýsingar um þessi atriði lágu fyrir síðla dags. Íbúaskrá var unnin upp hinn 18. og ný aðsetur Súðvíkinga skráð.

Síðar kom í ljós að alls lentu 47 manns í flóðinu. 24 komust af sjálfsdáðum úr því, sumir slasaðir, 9 var bjargað lifandi og 14 fórust (8 börn og 6 fullorðnir).

Frá upphafi aðgerða komst enginn inn eða út úr Frosta án þess að bóka sig fyrst hjá flokksstjórn, sem starfaði við útidyranganginn. Þarna var einnig skráður allur sá mannaflí sem þátt tók í björgunaraðgerðum.

### Skipulag fjöldahjálpar

Upp úr kl. 11.00 hinn 16. janúar, eftir að Av.rík. höfðu tilkynnt RKÍ um slysið, hafði RKÍ samband við deildina á Ísafirði og fól henni að undirbúa móttöku á fólki frá Súðavík. Útkallið kom til hjúkrunarforstjóra FSÍ, sem jafnframt er formaður Rauðakrossdeildarinnar á

Ísafirði, og þaðan til þess aðila í stjórn deildarinnar sem ekki var þegar upptekinn í málinu á sínum vinnustað. Tekið var á móti Súðvíkingum við bryggju og þeir fluttir á FSÍ, þar sem fjöldahjálpin fór aðallega fram. Fyrirhuguð fjöldahjálparstöð í menntaskólanum hafði fyrir um daginn yfirfyllst af fólki frá Hnífsdal vegna rýmingar húsa þar.

Á FSÍ tók RK-deild Ísafjarðar á móti fólkinu og skráði með aðstoð starfsfólks FSÍ. Síðan var því fólki sem ekki varð eftir hjá aðstandendum á spítalanum komið fyrir á einkaheimilum eða á Hótel Ísafirði.

Eftir komu fyrsta hópsins frá Súðavík sendi RK- deild Ísafjarðar nafnalista til RKÍ.

Fljótlega varð ljóst að nokkur fjöldi Súðvíkinga mundi koma til Reykjavíkur til lengri eða skemmri dvalar og þyrfti ýmiss konar aðstoð þar. Heildarstjórn verkefnisins var í RKÍ húsinu og að auki var sálægslu og upplýsingamiðlun um þolendur slyssins sinnt þaðan.

Fyrstu Súðvíkingarnir komu til Reykjavíkur hinn 20. janúar. RKÍ fólk tók á móti þeim til að skrá aðsetur þeirra. Í framhaldi af þessu var gengið frá því við starfsfólk Flugleiða á Ísafirði að skrá alla Súðvíkinga þegar þeir færu til Reykjavíkur og jafnframt afhenda þeim upplýsingablað, þar sem þeim er bent á að leita til RKÍ eða Hjálparstofnunar kirkjunnar eftir að komið væri suður.

### **Upplýsingatengsl**

Upplýsingar um gang björgunaraðgerða bárust heldur treglega framan af og fram á kvöld. Strax var mikið annríki við að svara fyrirspurnum í aðalstöðvum RKÍ. Fyrirspurnir til RKÍ benda til þess að Av.Ísaf. hafi ekki opnað upplýsingamiðlun fyrir almenning, eins og gert er ráð fyrir í neyðaráætlun.

### **Neyðarhjálp veitt, peningar og fatnaður**

RKÍ og Rauðakrossdeildin á Ísafirði opnuðu skrifstofu á Ísafirði sem sinnti fjárhagsaðstoð og ýmsu öðru, svo sem fataúthlutun, útvegum húsnæðis og söfnun og miðlun upplýsinga. Þessi skrifstofa starfaði í tæpan mánuð eða til 12. febrúar.

Beiðni um aðstoð kom mestmegnis frá þeim Súðvíkingum, sem ætluðu að dvelja um lengri tíma í Reykjavík. Nokkuð var þó um að fólk æskti aðstoðar vegna skemmri dvalar og bæði um lágar fjárhæðir til framfærslu í nokkra daga og aðstoð með húsnæði.

Aðstoð við þá sem komnir voru til lengri dvalar miðaðist oftast við að viðkomandi hefði orðið fyrir alþjóni og ætti ekkert annað en fötin utan um sig.

Haft var samband við verslanir sem selja helstu nauðsynjar, s.s. fatnað og matvæli, og farið fram á afslátt gegn beiðni frá RKÍ. Því var undantekningalaust vel tekið.

RKÍ lagði fram fjármagn til neyðaraðstoðar fyrstu dagana. Sú upphæð sem hver og einn fékk miðaðist við að fólk yrði sjálfbjarga um nokkurt skeið og var matið byggt á viðtölum við umsækjendur. Húsnæði var einnig miðlað ýmist til láns eða leigu.

Almennt var hlutverk RKÍ að koma fólki þökkalega fyrir meðan það beið eftir úrlausn sinna mála hjá sjóðsstjórninni, "Samhugur í verki", sem sett var á laggirnir eftir söfnunarátak í fjölmiðlum. Gekk það nær undantekningalaust mjög vel.

Þess ber að geta að RKÍ átti frá upphafi mjög gott samstarf við Hjálparstofnun kirkjunnar. Hvor aðili vissi jafnan hvað hinn hafði að bjóða á hverjum tíma og gat því skjótt vísað á rétta aðstoð.

## RÝMING - FLÓTTI- BROTTFLOTNINGUR

### Ákvarðanataka og aðferðir

Ákvarðanir um að forða fólki frá hættu voru teknar af lögreglustjórum og/eða fulltrúum þeirra að höfðu samráði við hlutaðeigandi Av-nefndir samkvæmt skipulagi almannavarna og að höfðu samráði við Av.rík. og snjóflóðadeild VÍ samkvæmt gildandi lögum um varnir gegn snjóflóðum. Aðferðir við rýmingu eru alls staðar svipaðar. Björgunarsveitir aðstoða við flutning, en sums staðar þarf að opna fjöldahjálparstöðvar. Þá er komið að Rauðakrossdeildum að taka á móti fólkinu.

### Súðavík

Eftir að snjóflóðið féll var ljóst af aðstæðum öllum að vettvangsstjóri þyrfti að flytja íbúana á brott. 13 fjölskyldur, 34 manns, fóru með Stefni upp úr kl. 13.00 hinn 16. janúar. Fagranes lét síðan úr höfn kl. 14.10 með slasaða, hjúkrunarfólk og Súðvíkinga, alls 94 manns. Allir voru fluttir fyrst á FSÍ og þangað komu því 128 manns.

### Ísafjörður

16. janúar ákvað Av.Ísaf. að rýma öll hús samkvæmt skipulagi í Hnífsdal, Seljalandi, Grænararði og Steiniðju. Fólki var stefnt að félagsheimilinu í Hnífsdal og það síðan flutt í heimavist FV á Ísafirði og til vina og vandamanna þar. 18. janúar upplýsir Av.Ísaf. að 15 hús hafi verið rýmd í Hnífsdal og 58 íbúar fluttir brott, en eitt hús að Seljalandi og tveir íbúar.

### Bolungarvík

Kl. 10.00 að morgni hins 16. er ákveðið að rýma fjögur hús. Um kl. 17.00 er ákveðið að rýma 27 hús til viðbótar og var því 31 hús rýmt um daginn. Brottfлотningi fólks lauk um kl. 23.30. Hættuástandi var síðan aflétt hinn 21.

### Flateyri

Ákveðið var kl. 10.00 hinn 16. að rýma öll hús innan hættusvæðis. Alls voru rýmdar 16 íbúðir með 51 íbúa. Um kvöldið yfirgáfu aðrir íbúar við jaðar hættusvæðis hús sín. Voru því 29 íbúðir rýmdar með 90 íbúum. Hinn 17. eru tvær íbúðir til viðbótar rýmdar með 8 íbúum. Hinn 18. kl. 17.30 er tilkynnt um stórt flóð niður að Ólafstúni og braut það húsin að Ólafstúni 14 og Goðatúni 14. Svæðið hafði áður verið yfirgefið vegna hættu. Hinn 20. er ákveðið að viðhalda hættuástandi við öll hús við Ólafstún, Goðatún 14 og Hjallaveg 9. Þá er einnig haldið hættuástandi að Kirkjubóli í Korpudal og Neðri Breiðadal. Hættuástandi var aflýst á öðrum húsum.

**Patreksfjörður**

16.janúar. Staðgengill lögreglustjóra telur nauðsynlegt kl. 11.40 að rýma 3 hús við Hóla, 14 við Urðargötu, 19 við Mýrar, 10 við Sigtún, 16 við Hjalla, Hlíðarveg 2, 9 hús við Stekka, 4 við Strandgötu, 20 við Aðalstræti, 9 við Brunna og eitt við Bala, alls 90 hús. Vel gekk að rýma húsini og var brottflutningi lokið um kl. 16.45.

17. janúar. Ástand í fjallinu óbreytt. Á Bíldudal var lýst yfir hættuástandi líkt og á Patreksfirði og allmörg hús rýmd.

18. janúar. Fundur í Av-nefnd kl. 11.30. Kl. 17.40 er búið að meta snjóflóðahættu tvisvar. Lítið flóð féll úr Litladalshyrnu.

Kl. 22.00 hinn 18. er tilkynnt að snjóflóð hafi fallið á útihús við Grund í Reykhólasveit og óvíst hvort menn hafi lent í því. Vitlaust veður var á staðnum.

Að kvöldi hins 19. eru 6 hús rýmd í Hólunum, Urðargötu og Mýrum.

20. janúar er ákveðið á fundi Av-nefndar að viðbúnaður verði áfram. Fólki gefið val á að fara heim og sváfu sumir í húsum sínum um nóttina.

**Söfnun fólks, skráning, flutningur og vistun****Bolungarvík**

Samkvæmt skýrslum Av-nefndar aðstoðaði björgunarsveitin Ernir fólk við að rýma hús sín. Þegar fólk var heimilað að sækja nauðsynjar heim til sín var það gert undir umsjón björgunarsveitarinnar. Ekki kemur neitt fram um skráningu í bókunum Av-nefndar né heldur hvar fólk var komið fyrir.

**Flateyri**

Fólk, sem þurfti að rýma íbúðir sínar naut aðstoðar björgunarsveitar við að fara milli húsa. Sveitin sá einnig um skráningu þeirra sem fluttu sig til vana eða vandamanna. Fjöldahjálparstöð var ekki opnuð.

**Patreksfjörður**

Í byrjun vantaði íbúaskrá. Eftir að hún fannst, gekk rýming vel fyrir sig. Björgunarsveitarmenn aðstoðuðu fólk við að flytja til ættingja og vana. Fjöldahjálparstöð var ekki opnuð.

## Til umhugsunar

### Bolungarvík

- \* Beiðnir hafa komið frá bænum um að hættumat verði gert fyrir bæjarfélagið, en áhyggjur eru verulegar af snjóflóðahættu. Vegna ótta fólks var haldinn borgarafundur um snjóflóðamálefni í apríl 1995. Þar kom meðal annars fram að þörf er fyrir markvissari samskipti Av-nefndar við íbúana, einkum þegar rýmingar er þörf. Niðurstaða fundarins varð að fólk vill heldur rýma hús sín en vera um kyrrt í óvissunni þegar snjóflóðahætta getur vofað yfir.

### Flateyri

- \* Skipulagið virkaði og engin vandamál komu upp. Av.rík. var tilkynnt um allar aðgerðir. Hins vegar komu fram veikleikar í fjarskiptamálum, þ.e. síma-, talstöðva- og útvarpsmálum.

### Patreksfjörður

- \* Sýslumaður telur þann galla á skipulagi Av-nefndar þar, að því sé ætlað að þjóna þremur byggðum, Patrefirði og Bíldudal, þ.e. Vesturbyggð, auk Tálknafjarðar. Hættuástand skapaðist bæði á Patrefirði og í Bíldudal. Þetta vekur upp spurningu um hvort fjölga eigi í Av-nefndinni eða hafa til að mynda 3 sambandsaðila í Bíldudal og Tálknafirði til að tryggja öryggi á þessum stöðum, þar sem meirihluti Av-nefndar býr á Patrefirði.
- \* Sýslumaður kveður orka tvímælis að samkvæmt ósk Av.rík. hafi þjögunarveitarmenn ásamt presti verið sendir til Súðavíkur frá þessum stöðum, þrátt fyrir yfirvofandi hættu þar.
- \* Hættumat vantar fyrir Bíldudal og Tálknafjörð.
- \* Lögreglumaður á Patrefirði hefur bent á að veikleiki felist í að sami maður, þ.e. slökkviliðsstjóri, eigi bæði sæti í Av-nefnd og sé jafnframt yfirmaður orkubúsins, og því fjarverandi í rafmagnsleysi eða eldsvoða. Þessu var einnig þannig varið í Súðavík. Einnig er bent á að ekki fari saman að yfirmaður almannavarna, í forföllum lögreglustjóra, annist snjóathuganir á sama tíma og hann stjórnir aðgerðum.
- \* Fram hefur komið ósk um að Almannavarnir ríkisins haldi á ný kynningu á skipulagi almannavarnarnefndar, því að ljóst sé að nefndin hafi ekki unnið eftir því eins og til sé ætlast.

## SNJÓFLÓÐIÐ Á GRUND Í REYKHÓLASVEIT

Hinn 17. janúar hélt Av.A.Barð. símafund. Tilefnið var hættumat vegna snjóflóða. Rætt var um ástand mála í Djúpadal, þar sem snjóflóð höfðu fallið sitt hvoru megin við bæinn. Rætt var við íbúa í Fremri-Djúpadal og ákveðið að banna alla umferð um Gilsfjörð.

Ekkert var rætt um hættu á snjóflóðum á Reykjanesi, enda ekki talin ástæða til.

Um kvöldið var haft samband við lögregluna á Patreksfirði sökum rafmagnsleysis í Gufudalssveit og bágrar birgðastöðu á bæjum þar. Lögreglan þar hafði samband við Landsstjórn björgunarsveita og hringdi fulltrúi Landsstjórnar í sveitarstjóra. Komu þeir sér saman um að rétt væri að undirbúa för snjóbíla vestur og stefna þeim í Stykkishólm. Ákveðið var að bíða með endanlegt útkall þar til Almannafræðingafélag Reykhólahrepps (Av.Reykh.) hafði komið saman og tekið ákvörðun um hvort óskað yrði eftir hjálp snjóbíla. Samkvæmt skipulagi almannafræðinga voru rangar boðleiðir viðhafðar hér, þar sem lög um almannafræðingarnir kveða á um að Av.rík. samræmi tildrátt björgunarliðs milli umdæma.

Um nóttina voru menn gerðir út á snjósleðum til að rjúfa rafmagn í Bjarkarlundi og minnka þannig álagið á línuna með því að taka Reykhóla út og keyra díselstöð orkubúsins þar og freista þess að koma rafmagn á í Gufudalssveit.

Ekki var vitað hvar línan var í sundur og komust sleðamennirnir ekki nema að Hrafnanesi. Var þá moksturæki ræst út, en það komst ekki nema að Seljalandi og var þá útséð um að tæki sveitarinnar dygðu til að komast í Bjarkarlund.

Av.A.Barð. ákvað á fundi þá um morguninn að óska eftir aðstoð snjóbíla, enda veðurútlit ekki gott fyrir næstu daga. Á þeim fundi ákvað nefndin að halda símafund kl. 22.00 hinn 18. janúar og meta ástandið. Ekki varð af þeim fundi, þar eð rétt er hann skyldi hefjast barst sveitarstjóra tilkynning frá Grund um að snjóflóð hefði fallið á útihúsin þar, en tveir menn voru við gegningar í húsunum. Sveitarstjóri bað þegar yfirmann vegagerðarinnar á staðnum að hafa hefilinn tiltækan og sjá um að greiðfært yrði frá þorpinu að Grund.

Boðunarkerfi var þegar sett af stað. Haft var samband við sýslumann og Av.rík. Sýslumaður ákvað að stjórnstöð skyldi vera í Stykkishólmi, þar sem hann var veðurtepptur. Stjórnstöðin var í húsnæði björgunarsveitarinnar Berserkja þar. Vettvangsstjóri var ekki útnefndur sérstaklega, en í reynd var vettvangsstjóri Bjarni P. Magnússon sveitarstjóri með aðsetur í íbúðarhúsinu á Grund. Eini maðurinn í Reykhólasveit, sem hefur þá þjálfun sem vettvangsstjóri þarf að hafa, komst ekki á staðinn vegna ófærðar.

Veður var aftakavont, glórulaus stórhrið og stormur. Enginn sem kom á slyssað hafði æfingu eða kunni sérstaklega til verka við þær aðstæður sem ríktu. Ákveðið var að Valdimar Jónsson stjórnaði verki utanhúss, en Bjarni P. Magnússon héldi utan um aðrar aðgerðir.

Strax var hafist handa um að skrá alla á svæðinu, skráð var hvenær fólk kom og fór. Tókst það vel. Þá var haft samband við fréttastofu Ríkisútvarpsins og hún beðin að útvarpa því að stjórnsími Av.A.Barð væri síminn að Grund og fólk beðið að hringja ekki í það númer. Gekk það

eftir. Voru síðan farsímar fengnir að Grund og þeir notaðir til hringinga. Talstöðvar almannavarnanefndar voru strax sóttar og notaðar á svæðinu.

Haft var samband við Av.rík. og fengnar leiðbeiningar um hvernig standa skyldi að leit. Vegnas braks var erfitt að fara eftir þeirri aðferð sem ráðlögð hafði verið. Þá varð það einnig til að torvelda aðgerðina, að mikið var um skepnur og mykju í flóðinu.

Vandi fyrstu aðgerða fólst í að meta aðstæður. Þeir sem að flóðinu komu voru allir óvanir og ljóst að ekki væri von um hæfan stjórnanda, fyrr en eini þjálfaði vettvangsstjórinn kæmi innan úr sveit.

Fyrstu aðgerðir á Grund voru að meta stærð flóðsins og kom þá í ljós að það var svo umfangsmikið að vonlaust var að leita allt flóðið með skipulögðum hætti með þeim mannskap, sem fyrirsjáanlegt var að fengist þar til á hádegi hinn 19. janúar. Strax var reynt að senda veghefil til móts við innsveitunga. Hefillinn komst að Hrafnanesi. Þá var strax ljóst að tiltækur mannaflí kæmi af Reykjanesinu utan Seljaness.

Ljóst var að sparlega varð að fara með þann mannafla sem tiltækur var. Einnig kom í ljós að menn voru misvel fyrirkallaðir og eins hitt að sumir hreinlega yfirkeyrðu sig. Þá ákvað sveitarstjóri að senda fólk heim í um fjórar klst. eftir því hvernig hann mat ástand þess. Þannig tíndust frá 4 til 7 menn, en til frekara útkalls þeirra kom ekki.

Strax var kallað eftir mat- og drykkjarvörum og verslanir staðarins opnaðar. Sent var eftir rafmagnsrörum í Barmahlíð til að búta niður og nota við leit.

Sent var eftir fatnaði í Þörungaverksmiðjuna. Ís var barinn af Karlsey, skipi verksmiðjunnar, og vélar þess gangsettar. Ákveðið var að senda skipið eftir snjóbil, lækni og björgunarsveitarmönnum úr Dölum, en þeim var beint í Skarðsstöð. Skipstjórinn á Karlsey var tilbúinn að lóðsa togara úr Grundarfirði inn til Reykhóla, en björgunarsveitir af Snæfellsnesi ætluðu að koma með skipinu. Til þessa kom ekki.

Þegar ljóst varð að ekki dygði að hafa kerfisbundna leit, var ákveðið að tímasetja flóðið og þá verkstöðu þeirra, sem leitað var að í húsunum. Samkvæmt því var ákveðið að takmarka leit við tvö svæði. Giskað var á að annar mannanna hefði verið að ganga frá í fjósi og væri hinn ekki þar líka, væri líklegt að hann væri hjá hvolpunum austast í húsinu, en fjósið var vestast.

Ákveðið var eftir könnun á austursvæðinu að þar væri enn snjóflóðahætta þannig að leitarmenn voru látnir hætta og sameinast hinum.

Um kl. 07.00 fannst úlpa annars mannsins og þeir báðir skömmu síðar. Lífsmark reyndist með öðrum þeirra, en hinn virtist látinn. Engu að síður var ákveðið að viðhafa sömu björgunaraðferðir við báða, en læknir úrskurðaði annan þeirra látinn um kl. 11.00.

Um nóttina var ákveðið að skrúfa fyrir hita í einu herbergi í þeim tilgangi að hafa herbergið ekki allt of heitt, þegar mennirnir myndust. Var það gert samkvæmt ráðleggingum úr björgunarskóla Slysavarnafélagsins, þ.e. lágur líkamshiti - hæg upphitun.

Föt voru klippt af mönnunum, snjór hreinsaður úr vitum þeirra og þeir þurrkaðir með handklæðum. Fyrst voru þeir látnir liggja undir laki, en síðan sæng. Reynt var að ná í sérfræðing í Reykjavík vegna upphitunarinnar, en ekki náðist í slíkan mann. Læknir Barðstrendinga var í stöðugu símasambandi og reyndist vel. Ekki var talað við sjúkráþjónustu í stjórnstöð Av.rík. um þennan þátt, en þaðan hefði mátt útvega faglega ráðgjöf.

Strax og ljóst var að veður var að lægja voru tæki send til að ryðja flugvöllinn. Þyrta kom um líkt leyti og Baldur lagðist að Reykhólum.

Ákveðið var að fá menn til að grafa upp skepnurnar á Grund og var mannskapur fenginn til þess. Leitarmenn úr innsveit komust á Grund kl. 17.00 og unnu til kvölds er ákveðið var að loka svæðinu. Skepnur fundust lifandi í fönn 9 dögum eftir flóðið, sem vekur upp spurningu um hvenær leit skuli hætt í tilviki sem þessu.

Ljóst er að á staðinn vantar hund eða hunda. Þá er og ljóst að skipulag verður að vera markvissara. Heimamenn lærðu margt þessa nótt. Safnað var fyrir snjóbil, ýlar hafa verið keyptir, snjóflóðaeftirlit stóraukið og átak gert í almenningsfræðslu um snjóflóðamál, fræðslumálum björgunarveita og starfsemi av-nefnda.

### Áfallahjálp

Sigríður Sverrisdóttir hjúkrunarfræðingur kom með TF Sif til Reykhóla hinn 20. janúar og hélt áfallahjálparfund í skólanum með þeim sem komu að leitinni í snjóflóðinu að Grund. Mæltist sú hjálparfundur fyrir. Sigríður segir áföll hafa tengst mjög þeim hörmungum sem orðið höfðu í Súðavík. Hún hefur síðan grennslast fyrir um framhaldið og telur ekki þörf á sérstakri viðbótaraðstoð.

### Til umhugsunar

- \* Sýslumaður á Patreksfirði leggur á það áherslu að aðeins einn aðili eigi að hafa rétt til að gefa fjölmiðlum upplýsingar og finnur að því að slíkt hafi verið gert að sér forspurðum, bæði hjá Av.rík. og á Patreksfirði.
- \* Sýslumaður er ennfremur ósáttur við að ráðstafanir hafi verið gerðar án samráðs við sig um að senda björgunarveit frá Grundarfirði, sem hann stöðvaði þegar, og leggur áherslu á réttar boðleiðir innan kerfisins.

## ALMANNATENGLS OG FJÖLMIÐLUN

Ljóst er að Almannavarnir þurfa að skipuleggja mun betur en nú er almannatengsl og fjölmiðlum í náttúruhamförum eins og í Súðavík, þannig að bæði yfirvöld og fjölmiðlar hafi skýrar verklagsreglur til að ganga að á hættu- og neyðartímum. Styrkja þarf betur tæknilega aðstöðu og búnað fyrir fjölmiðlafólk í stjórnstöð Av.rík. með ljósleiðarasambandi og aðstöðu til beinna útsendinga, svipað og gerist um stóratburði af öðru tagi.

Fjölmiðlaþjónusta á vettvangi á ekki að fara fram í stjórnstöð, heldur á skilgreindum stað utan hennar. Almannavarnir, björgunarsveitir og aðrir, sem koma nærri björgunarstörfum á vettvangi hörmunga á borð við þær sem voru í Súðavík, hafa næg verkefni önnur en að stýra fréttaflytningi og störfum fjölmiðla.

Fjölmiðlarnir bera ábyrgð á sínum eigin störfum og á helstu fjölmiðlum landsins er að finna áratugareynslu af hvernig flytja eigi fréttir af viðkvæmum málum. Flestir fjölmiðlamenn eru sér afar meðvitaðir um þau viðbrögð sem fréttir af þessu tagi geta vakið.

Augljóst er að frá sjónarhóli almannavarna eru fjölmiðlar nauðsynlegur vettvangur til að koma upplýsingum á framfæri við almenning þegar hamfarir ber að höndum. Jafnljóst er að kerfið hefur ekki verið undir það búið að fjölmiðlamenn mæti á vettvang, eins og í Súðavík, og leiti þar upplýsinga sem falla utan þess ramma að rækja öryggishlutverk almannavarna.

Fréttamenn hafa gagnrýnt mjög þær takmarkanir sem settar voru um aðgengi þeirra að skaðasvæðinu í Súðavík. Önnur veigameiri sjónarmið hljóta þó að réttlæta þær takmarkanir.

Ákvörðun um hvaða fréttir skuli birta og hvenær er ákvörðun viðkomandi ritstjórna og á þeirra ábyrgð. Þekkingin á þörfum fréttaflytninga er fjölmiðlamanna og sömuleiðis faglegt mat á því með hvaða fyrirvörum setja skuli fram upplýsingar.

Reynslan frá Súðavík sýnir að almannavarnir þurfa að leita faglegra ráða hjá fjölmiðlamönnum til að kynna sér hverjar þarfir fjölmiðla séu og hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að kerfið sé viðbúið að mæta þeim, bæði hvað varðar sérhæfða starfskrafta og viðhorfsbreytingu.

Ljóst er einnig að ýmislegt stendur upp á fjölmiðlamenn í þessum efnum og þeir ættu sjálfir að gera kröfur til sín um betri þekkingu á skipulagi neyðarviðbragða og hvernig forðast megi að valda óþarfa álagi.

Til að unnt sé að gera slíkar kröfur til fjölmiðlamanna er nauðsynlegt að menn ræðist við og reyni að sníða þessum samskiptum eðlilegan ramma, öllum til gagns.

## STJÓRN OG SAMRÆMING

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi. Í stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Ísafirði eru fimm almannavarnanefndir, þ.e. á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og Súðavík. Í öllum almannavarnanefndum hefur sýslumaður staðgengil, sem sér um umboð hans.

Almannavarnanefndir annast framkvæmd almannavarna og skipta nefndarmenn með sér framkvæmdastjórn einstakra málaflokka. Þessi stjórnunarþáttur hefur verið skipulagður með hliðstæðum hætti um land allt frá 1971 og með því verið tryggt að alls staðar sé við stjórn almannavarna til staðar besta fánlega sérþekking á hverju sviði sem völ er á.

Almannavarnir ríkisins hafa þjálfað vettvangsstjóra til að fara með samræmda heildarstjórn aðgerða á skaðasvæði. Vettvangsstjóri er þannig umboðsmaður lögreglustjóra á vettvangi og stýrir þeim liðsafla og tækjum sem þar eru við störf. Skipulagt er eftir hvaða leiðum vettvangsstjórnin er framkvæmd og sérstakt merkingakerfi á að nota, sem er samræmt um allt land.

Almannavarnir ríkisins fara með heildarskipulag almannavarna í landinu og stýra þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla á hættu- og neyðartímum. Þær hafa með höndum stjórn á viðbrögðum og aðstoð ríkisstofnana, aðstoð milli umdæma, tildrátt og sendingu liðs, búnaðar og tækja til hamfaraumdæmis og umsjón með framgangi og framkvæmd neyðaraðgerða í héraði.

Atburðurinn í Súðavík var þess eðlis að stjórnkerfi almannavarna þar varð óstarfhæft. Í fyrsta lagi var almannavarnanefndin svo nátengd þolendum hamfaranna að tengsl við skipulegar aðgerðir rofnuðu. Í öðru lagi lenti flóðið á hreppsskrifstofunni, þar sem stjórnaraðsetur nefndarinnar var og flest gögn hennar. Flestir nefndarmanna fóru til hjálpar í flóðinu.

Ákvarðanir sem teknar voru í Súðavík á fyrstu klukkutímum eftir snjóflóðið voru þó rökréttar í samhengi við þær aðstæður sem við var að glíma.

Lögreglan á Ísafirði tók að sér stjórn á fyrstu aðgerðum til hjálpar á Ísafirði, eftir að boð bárust þangað. Er það rétt boðleið og framkvæmd samkvæmt skipulagi Almannavarna.

Sú grenndarstjórnun Av.Ísaf., sem beitt var í tilfalli Súðavíkur, sameinar tvo kosti. Í fyrsta lagi voru mennirnir sem stjórna með nauðsynlega staðarþekkingu og í annan stað voru þeir ekki jafn nátengdir atburðunum og Av.Súð.

Stjórnstöð Av.rík. var starfrækt með 11 manns á dagvöktum út vikuna. Auk þess voru menn kallaðir út tímabundið og eftir aðstæðum í aðra málaflokka, eða þegar þurfa þótti á tímabilinu frá kl. 08.00 til 24.00 alla vikuna 16. janúar til 23. janúar 1995. Mannafli stöðvarinnar, utan almannavarnaráðs, sem skipað er 5 mönnum, er 22 við fullt álag. Skipulagðar voru sólarhringsvaktir, þannig að 4 manna vakthópur var á nóttunni milli kl. 0000 til 0800.

## Til umhugsunar

- \* Av.rík. höfðu úr nægum mannafla að velja til stjórnunar og samræmingar í stjórnstöð sinni. Verkaskipting milli málaflokka var virt með örfáum undantekningum.
- \* Stjórnkerfið í Súðavík lamaðist af eðlilegum orsökum, en á Ísafirði stóðst það með ágætum. Meginvandi av-nefndarinnar þar var hins vegar að hún tapaði 3 mönnum til starfa á vettvangi, þannig að málefni sem þeir áttu að sinna lentu á öðrum, eða fengu ekki nægilega umsjón.
- \* Mesta álagið lenti á sýslumanninum á Ísafirði, sem öðrum fremur þurfti frið til einbeitingar og meiriháttar ákvarðanatöku.
- \* Ekki er ásættanlegt að almannavarnanefndarmenn fari til starfa utan stjórnstöðvar nema ráð sé fyrir því gert í innanhússskipulagi að hæfir varamenn komi í staðinn.
- \* Fastmótuð regla þarf að komast á í skipulagi almannavarna um takmörk viðverutíma við stjórn til að tryggja að stjórnendur fái nauðsynlega hvíld og "brenni ekki út".
- \* Stærstu mistökin eru vanmat á málaflokknum fjölda- og félagshjálp. Aðrir málaflokkar sem hefðu þurft öflugri umsýslu voru birgða- og búnaðarmál, flutningar og orkumál.
- \* Megin gagnrýni Av.rík. beinist að því að innra eftirlit í stjórnstöðinni var ekki eins virkt og gert er ráð fyrir í skipulagi hennar. Aðalorsök þess er að framkvæmdastjórar stöðvarinnar sinntu meira samskiptum og umsýslu með málum utan og innan héraðs en stjórninni innan stöðvarinnar.
- \* Landsstjórn björgunarsveita stjórnaði tildrætti, sendingu og útskiptingu björgunarliðs, samkvæmt fyrirliggjandi drögum að samstarfsskipulagi. Vegna ófullkomleika þess skipulags og skorts á hjálfun þess komu upp stjórnunarmistök. Kenna verður um ómótuðu skipulagi, sem fyrst var verið að reyna á og ljóst er að sú vinna sem hafin er mun bæta framkvæmdina í framtíðinni.

## STJÓRNSÝSLUVIÐBÚNAÐUR Í HÉRAÐI

Atburðirnir í Súðavík í janúar 1995 og í Vestmannaeyjum 1973 vekja upp áleitnar spurningar um stjórnsýsluviðbúnað í héraði. Þær spurningar sem hljóta að vakna við slíka atburði, eru um umboð til stjórnunar, þegar stjórnkerfið verður óvirkt vegna atburðarins sem slíks, eins og varð í Súðavík og í Vestmannaeyjum.

Í Súðavík varð stjórnskipulag almannavarna óvirkt vegna beinna áhrifa hamfaranna. Til að ná stjórn á aðgerðum var almannavarnarnefnd grannsveitarfélags falin stjórn í umboði lögreglustjóra og tæpast leikur vafi á að lögreglustjóri getur falið almannavarnarnefnd í sínu umdæmi að stjórna í grannsveitarfélagi á meðan neyðarástand ríkir.


Vandinn kemur hins vegar upp þegar neyðaraðgerðum lýkur, eins og bæjarstjórinn á Ísafirði hefur lýst. Þá komu upp spurningar um umboð hans til að fara með málefni Súðavíkurhrepps. Spurningarnar sem vakna hljóta því að vera hvernig stjórn sveitarfélags er háttað, ef sveitarstjórn hefur til dæmis farist í viðkomandi áfalli. Hvaða stjórnkerfi er við lýði fram að því að ný sveitarstjórn er kosin? Ríkir neyðarástand þar til hún er kosin og tekin til starfa?

Í annan stað má velta fyrir sér þeirri stöðu sem upp hefði komið, ef sveitarfélag þar sem lögreglustjóri situr, verður fyrir áfalli af þeirri stærð að hann og sveitarstjórn eru óstarfhæf.

Líta verður svo á að dómsmálaráðherra geti skipað hvern þann mann sem hann ákveður til að gegna lögreglustjóraembætti í umdæminu undir slíkum kringumstæðum.

Gæti hinn nýskipaði lögreglustjóri þá skipað sér almannavarnarnefnd til aðstoðar að almannavarnarnefndarmönnum látnum eða slösuðum?

Reynsla þessara atburða sýnir að þessi mál þarf að taka til nánari skoðunar og skipulagningar vegna almannavarna í héraði.



*Viljinn er sá máttur,  
sem Guð hefur lagt okkur í brjóst  
til að framkvæma áform okkar.  
Ótrúlega hluti má framkvæma með þessari orku,  
ef menn kunna að beita henni.  
En sterkur vilji sem ekki lýtur lögmáli þroskaðrar skynsemi og samvisku,  
er óbeislað afl sem kemur fram sem mannlegur veikleiki.*

(Lokaorð í skýrslu Snorra Hermannssonar vettvangsstjóra)